

Soffía Auður Birgisdóttir

KENNSLULEIÐBEININGAR

við

Ofvitann

eftir

Þórberg Þórðarson

Edda miðlun og útgáfa

2002

Efnisyfirlit

Formáli	3
KENNSLUÁÆTLUN	4
<u>Fyrsta vika:</u>	
Heimur <i>Ofvitans</i>	6
1. kennslustund	6
Heimaverkefni	7
2. kennslustund	8
<u>Önnur vika:</u>	
Formgerð og bygging	9
3. kennslustund	9
4. kennslustund	11
Atburðarás <i>Ofvitans</i>	14
<u>Þriðja vika:</u>	
Frásagnarháttur, sögumaður og sjónarhorn	18
5. kennslustund	18
6. kennslustund	20
<u>Fjórða vika:</u>	
Persónulýsingar og helstu þemu	22
Heimaverkefni	23
7. kennslustund	23
8. kennslustund	26
<u>Fimmta vika:</u>	
Málfar og stíll	28
9. –10. kennslustund	28–31
RITGERÐARVERKEFNI	32
VIÐAUKAR	
I. Þórbergur Þórðarson: Æviferill	33
II. Skáldævisagan	43
III. Skrá yfir útgefin verk Þórbergs Þórðarsonar	47
IV. Ítarefnisskrá	49

Formáli

Þegar næstelsti sonur minn átti að velja sér kjörbók til að skrifa um ritgerð í fyrsta íslenskuáfanganum sínum í menntaskóla og sýndi mér bókalistann, var ég fljót að stinga upp á því að hann veldi *Ofvitann* eftir Þórberg Þórðarson. Þetta var ein af mínum uppáhaldsbókum eftir einn af mínum uppáhaldshöfundum og ég fullyrti að hann myndi skemmta sér konunglega yfir lestrinum á þessari frábæru bók. Hann tók ráðleggingum mínum vel, tilkynnti kennaranum um val sitt og hóf lesturinn – og all nokkra þrautagöngu.

Það eru víst breyttir tímar ... og unglingar í dag hafa aðrar hugmyndir um hvað sé skemmtilegt og hvað ekki, en þegar ég á mínum unglingsárum sökkti mér ofan í Þórberg mér til óborganlegrar skemmtunar (hlátrasköllin glumdu úr herberginu mínu fram í stofu). Og reyndar hafði drengurinn mun meiri áhuga á körfubolta og kvikmyndum en lestri og bókmenntum – og hefði ég mátt hafa það í huga þegar ég aðstoðaði við bókarvalið.

Í hönd fór mánaðartími þar sem við mæðginin deildum um kosti og galla *Ofvitans*. Syninum fannst bókin reyndar á köflum ágæt – og jafnvel fyndin á stöku stað – en í heild fannst honum lesturinn of krefjandi og bókin alltof löng. Málfarið var víða þröskuldur því í textanum reyndist leynast fullt af orðum sem hann hafði aldrei fyrr rekist á, hvorki á prenti né í töluðu máli. Og hann skildi ekki alls kostar hvað sögumanninum gekk til í sjálfslýsingu sinni: Var hann „ofviti“ eða bara venjulegur „fáviti“ eða eru mörkin þarna á milli kannski ekki alltaf ljós? Og hvers konar náungi var hann eiginlega þessi Þórbergur Þórðarson? Stórskritinn, svo mikið var víst!

Eftir miklar samræður (og stundum rifrildi) um Þórberg og *Ofvitann* tókst syni mínum að berja saman ritgerð um verkið sem hann gat kinnroðalaust skilað íslenskukennaranum og hann hlaut ágæta einkunn fyrir. Og þess er ég fullviss að hann hafði gott af glímunni við bókina og vonandi á hann eftir að kunna betur að meta þennan frábæra rithöfund þegar fram líða stundir.

En ég lærði líka ýmislegt sjálf af samræðum og deilum okkar mæðgina. Ef til vill er *Ofvitinn* ekki verk af því tagi sem unglingur á fyrsta ári í menntaskóla (með takmarkaðan bókmenntaáhuga) á að glíma við upp á eigin spýtur, eins og ætlast er til með kjörbókarritgerð. Hins vegar er ég sannfærð um að verkið hentar vel til samlesturs og greiningar í tímum undir leiðsögn áhugasams kennara. Það er svo margt í þessu verki sem ætti að geta höfðað til unglinga, til að mynda ýmislegt sem lýtur að sjálfsmyndarkreppu sögumanns, ástamálum hans og fyrstu kynlífsreynslunni, svo ekki sé talað um hárbetta ádeilu hans á skóla- og menntakerfið á Íslandi. Þá er *Ofvitinn* að sjálfsögðu frábær samtímaheimild um lífið í Reykjavík á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar og mætti vafalaust gera sér nokkuð mat úr samfélagslýsingu bókarinnar í kennslu.

Í köflunum hér á eftir ætla ég að koma með nokkrar tillögur um hvernig mögulegt er að nálgast *Ofvitann* í kennslu með framhaldsskólanemum. Það skal tekið fram að sjálf hef ég litla sem enga reynslu af því að kenna á framhaldsskólastigi en ég hef hins vegar kennt bókmenntir um árabil við H.Í. Ég vona að reyndir framhaldsskólakennarar umberi þá galla sem kunna að vera á tillögum mínum en jafnframt vona ég að þeir geti notað þetta efni mitt og lagað það að eigin þörfum. Ef hægt er að vekja áhuga nemendanna á þessum frábæra rithöfundi er betur af stað farið en heima setið.

Reykjavík, ágúst 2002
Soffia Auður Birgisdóttir

KENNSLUÁÆTLUN

Í því sem á eftir fer er gert ráð fyrir að kennari verji fimm vikum í *Ofvitann*. Þá er gert ráð fyrir tveimur 60 mínútna kennslustundum á viku, sem sagt 10 klukkustundum í allt. Að sjálfsögðu er kennara í lófa lagið að lengja eða stytta þann tíma eftir hentugleikum, en þó mæli ég með að ef verkið er á annað borð valið til kennslu þá sé því gefinn góður tími því það er sennilega ekki mjög aðgengilegt fyrir óvana lesendur (ef marka má reynslu mína sem lýst er í formála). Af sömu ástæðu tel ég að verkið henti fyrst og fremst til kennslu á seinni stigum framhaldsskólanáms; á þriðja eða fjórða ári. Með tilliti til Aðalnámskrár framhaldsskóla virðist mér það geta fallið inn í Íslensku 503 og 613. Þá er að sjálfsögðu tilvalið að kenna *Ofvitann* í valáföngum í bókmenntum. (Skemmtilegt gæti verið að kenna valáfanga þar sem lesin væru verk sem tengjast efnislega, svo sem *Heimsljós* Halldórs Laxness, *Sult* eftir Knut Hamsun og fleiri bækur um „misskilda snillinga“.)

Ofvitinn er 354 blaðsíður (hér er miðað við útgáfu Máls og menningar frá 1979. Það er 5. prentun á útgáfu sem fyrst birtist í tveimur bindum 1940–41, 2. prentun kom síðan endurskoðuð 1964, 3. prentun 1973 og 4. prentun 1975. Sömu blaðsíðutöl ættu því að vera í 2.–5. prentun). *Ofvitinn* skiptist í 43 ónúmeraða kafla en hver kafli hefur fyrirsögn. Hér á eftir vísa ég til fyrirsagnanna og bæti kaflanúmerum og blaðsíðutölum við til glöggvunar. Skemmtilegast væri að sjálfsögðu að nemendur læsu alla bókin fyrir fyrstu kennslustund, en það er e.t.v. ekki raunhæft að reikna með því að þau mæti öll svo vel undirbúin þannig að ég legg til ákveðinn blaðsíðufjölda til heimalesturs fyrir tiltekna kennslustundir. Lestraráætlunin er þessi:

- Fyrir 3. tíma verði þau búin að lesa bls. 7–72
- Fyrir 4. tíma verði þau búin að lesa bls. 73–121
- Fyrir 5. tíma verði þau búin að lesa bls. 122–162
- Fyrir 6. tíma verði þau búin að lesa bls. 163–182
- Fyrir 7. tíma verði þau búin að lesa bls. 183–207
- Fyrir 8. tíma verði þau búin að lesa bls. 208–230
- Fyrir 9. tíma verði þau búin að lesa bls. 231–309
- Fyrir 10. tíma verði þau búin að lesa bls. 310–354

Hér á eftir verður gerð tillaga að kennsluáætlun viku fyrir viku og einnig mun ég skipta umfjöllunarefnum niður á einstakar kennslustundir. Fyrst og fremst lít ég þó á tillögur mínar sem hráefni fyrir kennarann sem hann getur lagað að eigin þörfum og smekk. Aðalatriðið er þó að sjálfsögðu að kennarinn hafi sjálfur grandskoðað verkið,

merkt við (stutta) kafla og málsgreinar sem henta til upplesturs og sem skýringardæmi á hinum ólíku greiningarhugtökum og umræðuefnum (ég mun að sjálfsögðu koma með nokkur slík dæmi, en geri ráð fyrir að viðkomandi kennari fylli upp í þær eyður sem kunna að myndast). Þá þarf varla að taka fram að enginn ætti að kenna *Ofvitann* nema sá sem er hrifinn af verkinu og skynjar möguleika þess á að höfða til nemenda.

Fyrsta vika: Heimur *Ofvitans*

Ofvitinn kom fyrst út í tveimur bindum 1940 og 1941. Sögutíminn er hins vegar 1909–1913. Þetta tímabil er að sjálfsögðu mjög fjarlægt framhaldsskólanemum í dag þannig að nauðsynlegt er að eyða nokkrum tíma í að fjalla um samtíma sögunnar. Besta leiðin til þess er, að mínu mati, að flétta umfjöllunina saman við æviferil Þórbergs Þórðarsonar. Þórbergur elst upp í mjög afskekkttri sveit og hefur aldrei farið að heiman fyrr en hann flyst alfarinn til Reykjavíkur 18 ára gamall. Hann stundar sjómennsku í þrjú ár undir vistabandssamningi (hálfgerð þrælavist) áður en hann afræður að láta draum sinn rætast og mennta sig. *Ofvitinn* lýsir því m.a. hvernig sá draumur rekst á við veruleikann. Sjónarhorn Þórbergs á Reykjavík og reykvíska menningu er a) sjónarhorn utanbæjarmannsins, fátæklingsins og einstæðingsins, b) mjög írónískt (eins og reyndar sjónarhorn hans á sjálfan sig). Þetta er nauðsynlegt að hafa á hreinu frá byrjun. Ég legg því til að kennarinn eyði fyrstu viku yfirferðarinnar í að kynna háðfuglinn Þórberg Þórðarson og íslenskt samfélag í byrjun 20. aldar fyrir nemendum. Í því skyni læt ég fylgja með allitarlegt ágríp af ævi Þórbergs (sjá Viðauka I), frá því að hann fæðist og fram að þeim tíma sem *Ofvitinn* kemur út. Að sjálfsögðu getur kennari farið nokkrum orðum um árin eftir *Ofvitann* og rakið æviferil Þórbergs allt til dánarársins 1974. (Hér aftast er að finna skrá yfir verk Þórbergs, svo og um helstu heimildir um hann og verk hans.) Einnig er tilvalið að láta nemendur vinna verkefni sem tengjast ævi Þórbergs og/eða samtíma hans á þessu fyrsta stigi kennslunnar. Ég geri því eftirfarandi tillögu um fyrstu vikuna:

1. kennslustund

Kennari fer yfir æviágríp Þórbergs. Tilvalið er að vera með Íslandskort til að staðsetja Suðursveit og lýsa náttúrunni í kring sem gerði sveitina eina þá afskekktustu á landinu (sjá lýsingu Þórbergs í æviágrípi hér aftar). Gaman væri einnig að kennari útvegaði sér eitthvert myndefni, svo sem myndir af Þórbergi á ólíkum æviskeiðum.

Skemmtilegt gæti verið að lesa valda (stutta) kafla úr *Suðursveitarbálki* Þórbergs og úr bók bróður hans Steinþórs Þórðarsonar á Hala (*Nú, nú – bókin sem aldrei var skrifuð*) um æsku- og unglingsár Þórbergs. Þá mætti undir lok tímans sýna mynd Osvaldar Knudsens um Þórberg (t.d. hægt að fá á Háskólabókasafni í Þjóðarbókhöfðu). Myndin er 19 mínútur að lengd og dregur skemmtilega fram sérvisku Þórbergs (sem gæti vakið áhuga nemenda), t.a.m. er að finna þar

myndskeiðið fræga af Þórbergi að gera Müllersæfingar nakinn í fjöruborðinu í Skerjafirðinum. Myndin er tekin bæði í Suðursveit og Reykjavík. Í lok tímans gæti kennari sett nemendum fyrir heimaverkefni (tilvalið að leyfa þeim að vinna þau í hóp eða pörum) fyrir næsta tíma. Markmið þessarar verkefnavinnu er að tengja nemendur við samtíma *Ofvitans* og vekja áhuga þeirra á Þórbergi. Verkefnin gætu verið eftirfarandi:

- a) **Skoðið *Öldina okkar frá 1909–1913* og finnið einhverjar fréttir eða frásagnir sem lýsa tíðaranda þessa tímabils.** (Margt skemmtilegt og skondið er að finna í þessum bókaflökki, stuttar fréttir, auglýsingar og spennandi frásagnir sem ættu að geta kveikt í nemendum. Auk þess vel myndskreytt.)
- b) **Skoðið bók Illuga Jökulssonar: *Ísland í aldanna rás 1900–1950* og segið frá hvernig hann fjallar um tímabilið 1909–1913.**
- c) **Skoðið bók Guðjóns Friðrikssonar: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940. Fyrri hluti. (Reykjavík: Iðunn 1991). Veljið efni úr bókinni til kynningar í næsta tíma.*** (Hér er margt að finna sem tengist umfjöllunarefni Þórbergs, m.a. er fjallað um Skútuútgerð, fátækt í Reykjavík (vísun í Þórberg, bls. 16), viðhorf landsbyggðarinnar til höfuðborgarinnar, lista- og skemmtanalífið – auk þess sem bókin er ríkulega skreytt myndum sem segja meira en mörg orð um tíðarandann. Á bls. 453 er vísað beint til *Ofvitans* í umfjöllun um „rúntinn“. Sú umfjöllun öll ætti að höfða til nemenda.)
- d) **Lesið kafla XX, XXI, XXII, XXIII og XXIV (bls. 66–95) í *Bréfi til Láru eftir Þórberg Þórðarson* og segið samnemendum ykkar frá efni þeirra.** (Þetta eru mislangir kaflar og nemendur í hóp geta skipt þeim á milli sín. Hér er að finna frægar frásagnir Þórbergs af hrökkálnum sem beit hann í besefann; um það þegar hann var myrtur og þegar hann var óléttur. Í síðasta kaflanum veltir hann því síðan fyrir sér til hvers menn eru að segja slíkar sögur.)
- e) **Veljið 1–2 kvæði úr *Eddu Þórbergs Þórðarsonar*. Lesið þau upphátt fyrir bekkinn og segið frá hans eigin útskýringum sem fylgja. Spáið sérstaklega í það hvernig Þórbergur er að snúa út úr rómantískum ljóðum sem voru vinsæl á síðari hluta 19. aldar og fyrsta hluta 20. aldarinnar (nýrómantíkin).** (Hérna læra nemendur um stefnur og strauma í bókmenntasögu um leið og þau kynnast hinum dásamlegu háðkvæðum Þórbergs.)

(Aukaverkefni: Í þeim tilgangi að tengja nemendur beint við samtíma Þórbergs mætti biðja hvern og einn að rekja ætt sína aftur til samtíma Þórbergs. Voru langafi þeirra og langamma samtímamenn Þórbergs? Hvenær og hvar voru þau fædd og hvers konar lífi lifðu þau?)

2. kennslustund

Í þessum tíma gera nemendur grein fyrir verkefnum sínum. Kennari leiðir síðan umræður um Reykjavík í upphafi 20. aldar (á sögutíma *Ofvitans*) og ber saman við okkar tíma – upphaf 21. aldar. Í hverju eru helstu breytingarnar fölgjar? Hér þarf að draga fram bæði breytingar á a) lífskjörum og hinu ytra samfélagi og b) breytingar á hugarfari og siðferði – ekki síst hvað viðkemur samskiptum kynjanna. Hér er mikilvægt að virkja sem flesta til þátttöku í umræðum til að fá þau til að bíta á agnið áður en farið er í verkið sjálft. Verkefni nemenda ættu að vera næg uppspretta umræðnanna, bæði um bæjarbrag og tíðaranda á sögutíma *Ofvitans* svo og um Þórberg Þórðarson og hans litríku persónu.

Í lok tímans getur kennari sett fyrir lesefni fyrir næsta tíma; fyrstu 72 blaðsíður *Ofvitans*. (Þar af mætti hraðlesa síðasta kaflann (kafla 9) „Bókfell aldanna“ (bls. 57–72) sem fjallar um þá list að lesa hús, er bráðskemmtilegur að mínu mati en gæti verið erfiður fyrir unga lesendur. (Sumum þykir hann víkja um of frá meginfléttu bókarinnar.)

Önnur vika: Formgerð og bygging

Vafist hefur fyrir mönnum að skilgreina form *Ofvitans*. Er hér um skáldsögu að ræða eða sjálfsævisögu? Ég vil skilgreina verkið sem **skáldævisögu**. Þetta hugtak er tiltölulega nýtt í íslenskri bókmenntaumræðu en í Viðauka II fylgir nánari útlistun á því hvað í því felst (sjá einnig grein mína: „Sannleikur í æðra veldi. Um *Íslenzkan aðal* eftir Þórberg Þórðarson.“). Mín tillaga er að í 3. kennslustund ræði kennarinn um þetta sérstaka form sögunnar og í 4. kennslustund fari hann nánar í byggingu bókarinnar.

3. kennslustund

Í fyrstu kynningu á *Ofvitanum* er sjálfsagt að segja nemendum einnig frá *Íslenzkum aðli* (1938) því verkin tvö eru auðvitað nátengd. *Íslenzkur aðall* og *Ofvitinn* spanna saman stutt tímabil úr lífi Þórbergs, árabilið 1909–1913, þar af lýsir *Íslenzkur aðall* rúmu hálfu árinu 1912. Þorleifur Hauksson segir í *Íslenskri stílfræði* að „þessar bækur séu settar saman af tveimur ólíkum þáttum. Annars vegar er þar sagt frá „baráttu umkomulauss unglings í myrkrum mannheima, í leit hans eftir vizkunni, í villum hans í ástinni, í niðurlæging hans í örbrigðinni“ [*Ofvitinn*, síðasta síða], hins vegar lýsa þær aldaranda og hugsunarhætti „á síðustu árum hinna rósömu tíma“ [eins og segir í upphafi *Íslenzks aðals*].“

Ég tel nauðsynlegt að benda nemendum strax á að form *Ofvitans* er nýjung í íslenskri bókmenntasögu. Og nýjungin felst í því hvernig höfundur blandar saman frásögnum af eigin ævi og reynslu og þekktum skáldskaparbrögðum (í dag er þetta algeng aðferð en hún var það ekki á útgáfutíma *Ofvitans*). Hér getur kennari m.a. stuðst við grein Kristins E. Andréssonar: „Ofvitinn“ sem skrifuð var 1940 (þegar fyrra bindið kom út) og er að finna í ritgerðarsafni Kristins *Um íslenzkar bókmenntir I*. Kristinn hefur greinina á þessum orðum:

Sjálfsævisaga Þórbergs Þórðarsonar, og samtíðarsaga, sem hófst með *Íslenzkum aðli* og heldur áfram í *Ofvitanum*, ætlar að verða einstakt verk og merkilegt í íslenskum bókmenntum. Það er djörf og hreinskilin lýsing á stórbrotnustu og öfgafyllstu tímum, sem þjóðin hefur lifað, en jafnframt mjög persónulegt verk eins einkennilegasta persónuleika, sem Íslendingar hafa átt. Mér dylst ekki, að þrátt fyrir miklar vinsældir, sem bækur Þórbergs njóta, gera menn sér ekki ennþá grein fyrir, hvað meistarlegt verk hann er að semja, en munu læra að meta það því betur sem lengra er haldið.

Síðan ver Kristinn miklum texta í að ræða sérstaklega þetta undarlega form bókarinnar og segir m.a.: „Jafn kynlegt sambland vísindalegra og skáldlegra vinnuaðferða þekki ég ekki hjá nokkrum höfundum. Það er erfitt að skipa því í flokk ákveðinnar bókmenntagreinar.“

Út frá þessum skilgreiningarvanda liggur beinast við að ræða um helstu einkenni þeirra tveggja bókmenntagreina sem lýstur saman í *Ofvitannum*, skáldsögunni og sjálfsævisögunni. (Hér er t.d. hægt að vinna út frá skilgreiningum úr *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (ritstjóri: Jakob Benediktsson). Áður gæti kennarinn beint spurningum til nemenda um þessi tvö bókmenntaform: Hver er munurinn á þeim að mati nemenda? Í slíkri umræðu hlýtur hugtakið „sannleikur“ að leita á. Hér ætti kennarinn að hvetja nemendur til að velta fyrir sér spurningum um hvort til sé algildur sannleikur og hvert sé samspil sannleika og minnis. Er minnið óbrigðult? Getum við munað atburði sem gerðust fyrir mörgum árum? Hver eru tengsl minnis og túlkunar? Síðan mætti velta upp eftirfarandi spurningunum:

- a) Hvað mælir á móti því að skilgreina *Ofvitann* sem skáldsögu?
- b) Hvað mælir á móti því að skilgreina *Ofvitann* sem sjálfsævisögu?

Svörin væru kannski eitthvað á þessa leið:

- a) Við vitum að höfundur byggir frásögnina á eigin reynslu, lýsir tímabili úr eigin ævi, notar eigin nafn sitt og annarra og segir frá atburðum sem sannanlega gerðust á því tímabili sem frásögnin spannar, þ.e. hann rammur frásögn sína inn í þekktan veruleika með söguviði og persónum sem eru kunnar. Þetta eru allt einkenni sjálfsævisögu frekar en skáldsögu en...
- b) Sjálfsævisögur fjalla yfirleitt um æviferil frá fæðingu til ákveðins lokapunkts – yfirleitt nær hún til ritunartímans. *Ofvitinn* nær hins vegar bara yfir stutt tímabil úr lífi höfundar (4 ár). Beitt er skáldsagnatækni, svo sem sviðsetningu atburða og samtölum. Stíllinn er skáldlegur og höfundur notar alkunn skáldskaparbrögð, svo sem myndmál, ýkjur, þversagnir, endurtekningar, stigmögnun o.fl. Allt ber þetta að brunn skáldsögunnar fremur en sjálfsævisögunnar.

Niðurstaðan hlýtur að verða sú að hér er um nýja tegund bókmennta að ræða eða **skáldævisögu**.

Í frægri samtalsbók Þórbergs og Matthíasar Johannessens, *Í kompaní við allífið* (1959), spyr Matthías Þórberg um sannleiksgildi bóka hans og hann svarar:

Mínar bækur eru yfirleitt sannar frásagnir, hafnar dálítið upp í æðra veldi að sínu leyti eins og Gunnarshólmi Jónasar Hallgrímssonar, sem er sönn saga sögð á skáldlegu máli. En Íslendingar eru svo þunnir í skáldskaparmati, að þeir halda að ekkert sé skáldskapur nema að maður „skapi“ persónur, og sköpunin er venjulega ekki frumlegri en svo, að höfundarnir taka persónur sem þeir hafa þekkt í lífinu eða haft sagnir af, og hnoða upp úr þeim bókmanneskjur.

Tilvalið er að láta nemendur velta fyrir sér hvað Þórbergur á við þegar hann talar um „sannar frásagnir, hafnar dálítið upp í æðra veldi“. Hvaða veldi er það?

(Varðandi þessa umræðu vil ég benda kennurum á grein Péturs Gunnarssonar: „Halldór og Þórbergur“ og grein mína: „Falsaðar og þó eiðsvarnar myndir“. Þær er báðar að finna á vef Þórbergsseturs: www.thorbergur.is og í þeim báðum er fjallað um þessi tvö skáld og aðferðir þeirra í skáldskap. Auk þess minni ég á áður nefnda grein mína, „Sannleikur í æðra veldi ...“, og grein Kristins E. Andrésssonar um *Ofvitann*.)

(p.s. Á bls. 169 í *Ofvitannum* skilgreinir Þórbergur sjálfur verkið sem „barnabók“. Sjálfsagt er að benda nemendum á þetta og biðja þau að spá í hvað hann eigi við.)

Fyrir fjórðu kennslustund mætti setja nemendum fyrir að lesa kafla 10–16 (Nýtt líf–Engladans, bls.73–121)

4. kennslustund

Að umræðunni um hina nýstárlegu formgerð *Ofvitans* slepptri liggur beinast við að ræða byggingu bókarinnar. Sjálfsagt er að kynna um leið fyrir nemendum greiningarhugtök á borð við:

- Ytri bygging
- Innri bygging
- Fafla
- Flétta
- Minni

Handhægt er að benda nemendum á bækur á borð við *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* og/eða *Saga, leikrit, ljóð* eftir Njörð P. Njarðvík vilji þau sjálf lesa sér til um greiningarhugtök (einnig gæti önnur bókanna (eða aðrar sambærilegar) verið hluti af námsefni viðkomandi áfanga).

Ytri bygging lýtur einfaldlega að formlegum þáttum verksins og umræða síðasta tíma (um hvers konar bókmenntaform eða -tegund hér sé að ræða) er að sjálfsögðu upphafið að umræðu um byggingu verksins. En þegar „tegundin“ hefur verið skilgreind má spyrja: Hvernig er verkið að öðru leyti upp byggt? Hvernig er því skipt upp í kafla eða aðrar einingar? *Ofvitinn* er sem áður segir í 43 köflum sem hver hefur sína yfirskrift. Yfirskriftirnar eru yfirleitt lýsandi fyrir efni kaflanna.

Innri bygging lýtur hins vegar að efniviði bókarinnar: Hvernig er efninu skipað niður? Eða hvernig raðar höfundur atburðum saman í þá heild sem verkið er? Hér er við hæfi að kynna fyrir nemendum hina „klassísku“ byggingu skáldsagna: Upphaf – miðja – endir... eða:

KYNNING AÐSTÆÐNA (exposition)
FLÆKJA (complication)
LAUSN (resolution)

Um leið skal auðvitað bent á að því fer fjarri að allar sögur falli að þessari byggingu, höfundar hafa meðvitað (og ómeðvitað) brotið þessar „byggingarreglur“ skáldsagna. Hins vegar má kannski segja að allar frásagnir hafi upphaf, miðju og endi – bara ekki endilega í þessari röð! En til að gera sér grein fyrir skipan efniviðarins er ágætt að grípa til hugtakanna fafla (fabel) og flétta (plot).

Faflan nær yfir efniskjarna sögunnar en er óháð nánari útlistunum (svo sem ákveðnum persónum, tíma og umhverfi). Mér virðist sem Þórbergur Þórðarson hafi sjálfur orðað föflu *Ofvitans* með miklum ágætum þegar hann segir á síðustu síðu bókarinnar að hún lýsi: „[...] baráttu umkomulauss unglings í myrkrum mannheima í leit hans eftir vizkunni, í villum hans í ástinni, í niðurlæging hans í örbirgðinni [...]“. Vitaskuld mætti orða föfluna á annan og einfaldari hátt, en efniskjarninn yrði alltaf að halda sér. Benda má nemendum á að með því að skilgreina föflu verksins getum við komið auga á tengsl þess við önnur verk. T.d. gætu ofangreind orð Þórbergs um eigið verk allt eins átt við *Heimsljós* eftir Halldór Laxness, eða *Sult* eftir Knut Hamsun. Um leið og hægt er að benda á slík efnisleg tengsl má kynna fyrir nemendum hugtakið minni (motive) og benda á að í persónugerð ofvitans / ljósvíkingsins o.fl. þekktra bókmenntapersóna sé fólgið ákveðið sagnameinni: minnið um hinn misskilda, sveltandi snilling.

Fléttan (eða plottið) er hins vegar dálítið flóknara mál og þegar reynt að er greina fléttu *Ofvitans* kemur í ljós, það sem kannski margir vissu fyrir, að hér er ekki um einfalda frásögn eða sögu að ræða. Fléttan lýsir atburðum frásagnarinnar í sömu röð og þeir koma fyrir og því hvernig þeir tengjast ákveðnum persónum, stað og tíma. Fléttan hefur að geyma orsakasamhengi sem faflan hefur ekki. Flétta verksins verður auðvitað ekki greind fyrr en verkið er allt lesið og búið að þæla nokkuð í því. Það gæti því verið gott að snúa aftur til hugtaksins á síðustu stigum kennslunnar en í kennsluferlinu er hægt að kenna nemendum leiðir til að skilgreina fléttuna.

Fyrst er ágætt að gera yfirlit yfir atburðarásina, kafla fyrir kafla. (Hægt væri að láta nemendur gera þetta sjálfa um leið og þeir lesa bókina. Það mætti t.d. biðja þá að halda lestrardagbók þar sem þeir skrá hjá sér meginatriði hvers kafla um leið og þeir lesa hann. Dagbókin gæti verið hluti af verkefnavinnu áfangans og metin til lokaeinkunnar (t.d. 10% af heildareinkunn).) Hér á eftir geri ég yfirlit yfir efni *Ofvitans* í grófum dráttum. Fyrst reyni ég að lýsa umfjöllunarefni hvers kafla en út frá þeirri lýsingu dreg ég síðan saman hvernig skipta má verkinu upp í efnislega hluta. Slík greining á niðurskipan efnis skýrir hina innri byggingu verksins.

Atburðarás *Ofvitans* í grófum dráttum

1. Þórbergur lætur af sjómennsku (skítkokksmennsku) í maí 1909 og afræður að hefja nám við Kennaraskólann um haustið. Kaflar 1 og 2: Upphaf vizkunnar (7–11) og Í musteri vizkunnar (12–15).
2. Hann ræður sig í vegavinnu um sumarið en hefur síðan námið í október 1909. Kaflar 3: Úr grús upp í musteri vizkunnar (16–18).
3. Námið veldur honum stórkostlegum vonbrigðum. Menntakerfið fær á baukinn. Kaflar 4, 5, 6 og 7: Musterishrunið (19–29), Musterisprestarnir (30–37), Ragnarök vizkunnar (38–45) og Myrkur og mold (46–51).
4. Þórbergur flytur í Bergshús og nýtt tímabil hefst í lífi hans. „Hún“ („elskan“) er kynnt til sögunnar. Fyrri íbúum hússins er lýst í allöngu máli. Kaflar 8 og 9: Baðstofan (52–56) og Bókfell aldanna (57–72).
5. Þórbergur eignast nýja vini og upplifir frelsi eftir niðurdrepandi skólavistina. Klíkan („orkuver andlegs lífs“) myndast. Kaflar 10, 11, 12 og 13: Nýtt líf (73–77), Fyrstu gestir (78–81), Fleiri gestir (82–95) og Sambýlingar (96–98).
6. Þórbergur lýsir frelsun Odds Ólafssonar, vinar síns, og tilraunum Odds til að leiða sig inn á brautir „trúarbrjálseminnar“. Hjálpræðisherinn fær á baukinn. Kaflar 14, 15 og 16: Óvænt skemmtun (99–103), Djöfullinn er að spila í honum (104–108) og Engladans (109–121).
7. Sjálfskönnun og sálarstýrjöld Þórbergs lýst. Hann setur sér lífsreglur að fara eftir og hefur mikla innri baráttu. Kaflar 17 og 18: Fyrsta innskoðun (122–130) og Sálarstýrjöldin (131–136).
8. Þórbergur hittir sveitunga sinn sem býður honum að ganga í stúku. Bindindismenn fá á baukinn. Kaflar 19 og 20: Sítrónsflaskan (137–145) og Þegar ég gekk í stúku (146–162).
9. Fyrsta „endurfæðing“ Þórbergs: Hann fær náttúru til kvenna. Mikil umræða um kvenfólk og skáldskap enda hugmyndir Þórbergs um konur og skáldskap nátengdar. Rómantíkin fær á baukinn. Kaflar: 21 og 22: Fyrsta endurfæðing mín (163–169) og Í dísarhöll standhörpunnar (170–174).
10. Þórbergur lýsir hinum kostulegu samskiptum kynjanna, baráttunni við kynhvötina og fyrstu kynlífsreynslunni. Kaflar 23, 24, 25, 26 og 27: Freistingar (175–182), I

Paragraf A (183–192), Ilmandi dagar (193–195), Fyrsta lyfting mín (196–204) og Upphefð mín og niðurlæging (205–207).

11. Þórbergur hefur gagnfræðanám, fyllist aftur námsleiða en kynnist „elskunni“; þjáning og sæla takast á í sálartetrinu. Kaflar: 28, 29 og 30: Gagnfræðanámið (208–213), Kvöldið, þegar ég varð annar maður (214–225) og Unaðsemdir ástarinnar (226–231).
12. Umræða um stjórnámál: millilandafrumvarpið, þjóðernisstefna, alþingiskosningar og fyrri heimsstyrjöldin. Kaflar 31, 32, 33, 34 og 35: Millilandafrumvarpið (231–235), „Vertu Íslendingur! Kauptu Álafossdúka!“ (236–241), „Íslenzk fót fara Íslendingum bezt“ (242–245), Alþingiskosningar (246–251) og Gömul saga (252–254).
13. Segir af kynnum Þórbergs og Vilmundar Jónssonar. Kafli 36: Tveir vitringar (255–265).
14. Frásögn af fátækt, eynd, skóleysi og sjálfsmorðshugsunum. Flytur úr Bergshúsi. Kaflar 37, 38, 39 og 40: Hjartað í yður er heldur í stærra lagi (266–277), Hjá doktor (278–291), Á ströndu hafsins dauða (292–309) og Þetta getur ekki gengið lengur (310–319).
15. Þórbergur tekur gagnfræðaprófin vorið 1913 með miklum harmkvælum. Enn fær skólakerfið háðslega útreið. Kafli 41: Frá Eyjólfí gráa til sjónaukans (320–327).
16. „Elskan“ kveður. Kafli 42: Elskan mín (328–332).
17. Þórbergur ræður sig í málningarvinnu sem bregst vegna mikilla rigninga. Sveltur hálfu og heilu hungri þar til Erlendur og Una í Unuhúsi koma honum til bjargar. Kafli 43: Rigningarsumarið mikla (333–345).

Með yfirlitinu hér að framan hef ég skipt hinum 43 köflum verksins upp í 17 hluta. En hægt er að þrengja þessa skiptingu enn frekar með því að hluta verkið niður í 6 hluta:

I. hluti: Kaflar 1–7

Lesandi kynntur fyrir söguhetjunni og fær innsýn í aðstæður hans og vonir. Vistin í kennaraskólanum.

II. hluti: Kaflar 8–20

Nýtt tímabil í lífi söguhetju sem hefst með flutningi hennar í Bergshús. Nýir félagar kynntir til sögu og frásögnin snýst að mestu leyti um samskipti þeirra.

III. hluti: Kaflar 21–27

Nýtt tímabil hefst þegar söguhetjan fær náttúru til kvenna. Viðfangsefnið er að mestu leyti kvenfólk og skáldskapur.

IV. hluti: Kaflar 28–30

Enn hefst nýtt tímabil þegar söguhetjan hefur gagnfræðanámið og hittir „elskuna“ í fyrsta sinn. Þessi hluti kallast að verulegu leyti á við *Íslenzkan aðal*.

V. hluti: Kaflar 31–35

Í þessum hluta er fjallað um pólitík samtímans, þjóðernisstefnu og fleira. (Hér er um n.k. innskotshluta að ræða sem vel mætti leyfa nemendum að hraðlesa – nema kennari vilji fari í þjóðfélagsumræðu og pólitík þessa tíma sérstaklega.)

VI. hluti: Kaflar 36–43

Lokahluti verksins er samsettur af nokkrum fremur lauslegum köflum; byrjað er að segja frá upphafi vinskapar Þórbergs og Vilmundar Jónssonar; síðan er áherslan á ótta söguhetjunnar við drauga og sjúkdóma, á einstæðingsskap hans og fátækt. Verkinu lýkur síðan með „björgun“ og flutningi söguhetju í Unuhús.

Að þessari greiningu á niðurskipan efnis lokinni mætti kannski draga flétta *Ofvitans* saman á eftirfarandi hátt:

Flétta *Ofvitans*: Ungur fátækur og skáldsinnaður utanbæjarmaður sest að í höfuðborginni í þeim tilgangi að mennta sig og öðlast visku. Hann verður fyrir miklum vonbrigðum með menntakerfið og hættir námi en kynnist góðum félögum sem létta honum lífið. Hann fær kynhvötina, missir sveindóminn og verður ástfanginn af ungri utanbæjarstúlku. „Elskan“ flytur heim í sveitina og söguhetjan þjáist af sálarkröm, fátækt, einstæðingsskap og hungri þar til gott fólk kemur honum til bjargar.

Þegar bygging *Ofvitans* hefur verið sundurgreind og fléttan dregin fram gæti kennari velt því fyrir sér með nemendum hversu vel eða illa verkið fellur að klassískri byggingu skáldsagna. Er hægt að tala um kynningu aðstæðna, flækju og lausn í *Ofvitenum*? Varla í verkinu sem heild, of margir útúrdúrar eru á byggingu þess. Hins vegar er hægt að benda á ákveðna hluta verksins sem hver um sig lýtur klassískri byggingu. Dæmi: Sagan af skólavistinni í kennaraskólanum. Þar höfum við kynningu aðstæðna: Sögumaður kynntur og draumur hans um menntun (að öðlast vísu) – upphaf námsins. Flækja: Vonbrigðin með námið og kennarana. Lausn: Hættir í skólanum. Þannig mætti lýsa einstökum hlutum bókarinnar en í heild lýtur frásögnin öðrum lögum en lögum klassískrar byggingar skáldsögu.

Þriðja vika: Frásagnaraðferð, sögumaður og sjónarhorn

Fyrir fimmtu kennslustund mætti setja nemendum fyrir að lesa kafla 17–20 (Fyrsta innskoðunin – Þegar ég gekk í stúku, bls. 122–162)

Hér koma til sögunnar hugtökin:

- Frásagnarháttur
- Tími
- Umhverfi
- Sögumaður
- Sjónarhorn

Ég legg til að kennari fari í frásagnarhátt, tíma og umhverfi í 5. kennslustund en einbeiti sér að sögumanni og sjónarhorni í 6. kennslustund.

5. kennslustund

Þegar hugað er að frásagnaraðferð er verið að athuga eftirfarandi: **Hver** segir söguna og **hvernig** segir hann söguna? Svarið við fyrri hluta spurningarinnar virðist einfalt (a.m.k. við fyrstu sýn): Sagan er sögð í 1. persónu af sögumanni sem ber sama nafn og höfundurinn: Þórbergur Þórðarson (munurinn á höfundi og sögumanni verður ræddur í næsta tíma). Seinni hluti spurningarinnar er flóknari og nauðsynlegt er að fjalla í því sambandi nokkuð ítarlega um tímann í frásögninni.

Ytri og innri tíma er auðvelt að finna því nákvæmar dagsetningar eru gefnar upp í frásögninni. Hún hefst 9. maí árið 1909 og henni lýkur (rigningar)sumarið 1913. Ytri tíminn er því annar áratugur tuttugustu aldarinnar og innri tími spannar rúmlega fjögur ár. Innan þessa tímasviðs er frásögnin að mestu leyti línuleg (krónólógísk), þ.e. sagt er frá atburðum í nokkurn veginn réttri röð eftir því sem þeir gerast. Nokkur frávik eru þó frá þessu þannig að bæði er litið aftur í tíma (endurlit / flashback) og fram í tíma (framlit – forward glance) Minningu getur skotið upp hvenær sem er og þá er farið aftur í tímann, eða þá að persónum er fylgt fram í tímann, sagt hvað á daga þeirra dreif mörgum árum síðar. En tímasvið bókarinnar eru þó fleiri en eitt því ritunartíminn kemur einnig við sögu og á milli hans og sögutímans er alllangt tímabil. Um þetta verður nánar fjallað í tengslum við sögumann og söguhöfund.

Tímasviðum verksins mætti því lýsa á eftirfarandi hátt:

Ritunartími: 1940–1941 (venja er að miða við útgáfuár bóka þegar talað er um ritunartíma, nema langur tími líði milli ritunar og útgáfu.) Ritunartíminn kemur víða fram í textanum.

Dæmi:

„Það fer hatursþrunginn hrollur um mig enn þann dag í dag, þegar taumleysi hugsunarinnar skotrar mér til baka inn í hina sífrandi gráu vetrardaga, þegar ég streittist við að hamra inn í hausinn á mér þessar landslagslausu flatneskjur af einskisnýtum „selvfölgelighedum“.“ (bls. 20)

„Þegar ég heyrði sagt frá örlögum þess skemmtilega rithöfundar í ljósi stóra blússbrennarans í borðstofunni í Bergshúsi fyrir þrjátíu árum, var sem óljóst hugboð hvíslaði fram í eyra mér út úr mistri framtíðarinnar:

Svona verður líka sigað hundum á þig, þegar þú ferð að flytja þjóðinni fagnaðarerindi.“ (bls. 69)

Ytri tími: Annar áratugur tuttugustu aldarinnar. Víða gefnar nákvæmar dagsetningar.

Dæmi:

„Þetta var sunnudaginn 9. maí árið 1909 milli hádegis og dagmála.“
(Upphafsetning bókarinnar.)

„Það var fjórða kvöld mitt í Baðstofunni, þriðjudaginn 12. október árið 1909.“
(bls. 73)

Innri tími (stundum talað um sögutíma): Rammi frásagnarinnar er: maí 1909 – sumar 1913 og innan hans er frásögnin að mestu leyti í réttri tímaröð. Þessi rammi er þó brotinn upp með frásögnum sem vísa bæði fram og aftur í tíma.

Dæmi:

Á bls. 21–24 lýsir sögumaður vísindalegum mælingum sem hann gerði sem barn í Suðursveit. Hér er um endurlit að ræða, sem fer langt aftur fyrir meginramma frásagnarinnar. Sjá: „Austur í Suðursveit [...]“ (21 og áfram).

Í kaflanum Bókfell aldanna (57–72) segir sögumaður frá fyrri íbúum Bergshúss. Sú frásögn fer langt aftur í tímann.

„Það var Kristján Albertsson, sem síðar varð ritstjóri Varðar og nú er háskólakennari í Berlín.“ (bls. 95) (Hér eru tekin tvö stökk fram í tíma og það síðara til ritunartímans „nú“.)

Einnig mætti kynna fyrir nemendum hugtakið viðtökutími, sem er sá tími sem lesandinn er á þegar hann les verkið (og er þess vegna síbreytilegur). Viðtökutíminn skipti miklu máli fyrir skilning og túlkun bókmenntaverka. Framhaldsskólanemar í dag skilja *Ofvitann* öðruvísi en jafnaldrar þeirra gerðu árið 1940 þegar fyrra bindið

kom út. Margt getur haft áhrif á skiling og túlkun bókmenntaverka, t.d. fræðilegar greinar, önnur bókmenntaverk, nýjar upplýsingar um höfundinn o.fl. (Gott dæmi er um nýjan skilning á *Fóstbræðrasögu* eftir útkomu *Gerplu* Halldórs Laxness.)

Umhverfi:

Bendið nemendum á hvernig lýsingar á ytra umhverfi hjálpa lesanda að staðsetja frásögnina í tíma. Oft eru það einungis slíkar lýsingar sem gera manni kleift að staðsetja frásögn í tíma (þegar engar dagsetningar eru í textanum). Til ytra umhverfis heyra til dæmis lýsingar á húsum, húsmunum, náttúru, veðurfari og klæðaburði persóna, svo nokkuð sé talið. Athyglisvert er að þrátt fyrir að söguvið *Ofvitans* sé svo til alfarið Reykjavík þá er lítið um nákvæmar lýsingar á borgarumhverfinu. Hins vegar lýsir hann skilmerkilega híbýlum sínum, sbr. Bergshúsi.

Ræðið einnig um innra umhverfi verksins, en *Ofvitinn* er fyrst og fremst saga af hugarástandi / sálarlífi, eins og segir í bókarlok. Til innra umhverfis heyra þættir eins og félagslegt, menningarlegt og sálfræðilegt umhverfi – og segja má að *Ofvitinn* sé öðrum þætti ádeila á slíka þætti samfélagsins.

(Tillaga að heimaverkefni: Ljósritið blað með götukorti af miðbæ Reykjavíkur og nágrenni og látið nemendur merkja inn á það sögustaði sem koma fyrir í *Ofvitannum* (götur sem Þórbergur býr við, skóla, rúntinn, kirkjugarðinn við Suðurgötu, o.s.frv.).

Fyrir sjöttu kennslustund mætti setja nemendum fyrir kafla 21–23 (Fyrsta endurfæðing mín – Freistingar, bls. 163–182)

6. kennslustund

Þegar um er að ræða 1. p. frásögn þar sem höfundur notar eiginnafrögn sítt er mikilvægt að greina á milli höfundar, sögumanns og söguhetju. Þetta má skýra þannig:

Höfundur: Þórbergur Þórðarson, einn af merkustu rithöfundum Íslands. Skrifaði meira en 30 bækur á ferli sínum, o.s.frv.

Sögumaður 1: Þórbergur Þórðarson á ritunartíma verksins (um og upp úr fimmtugu).

Sögumaður 2: Söguhetjan Þórbergur Þórðarson á árunum 1909–1913 (upp úr tvítugu).

Til glöggvunar má kalla þessa tvo sögumenn Þórberg eldri og Þórberg yngri.

(Hér má minnst þess að þegar Leikfélag Íslands setti *Ofvitann* á svið í Iðnó (frumsýnt í október 1979) brá Kjartan Ragnarsson (höfundur leikgerðar og leikstjóri) á það ráð að láta tvo leikara fara með hlutverk Þórbergs (einn ungan og einn eldri) og voru þeir oft saman á sviðinu. Það er í rauninni nákvæmlega það sama sem er á ferðinni í frásögninni, þessir tveir sögumenn eru oft báðir á ferð í einu, þó ekki sé alltaf hægt að sjá það skýrt.)

Hinn tvískipti sögumaður er eitt aðalatriði frásagnaraðferðar *Ofvitans* og mikilvægt að gera sér grein fyrir því tvísæi sem af slíkri frásagnaraðferð sprettur. Við höfum í fyrsta lagi reynslulausan pilt (Þórberg unga) sem lýsir sjálfum sér og aðstæðum sínum – oft á „næfan“ hátt, þ.e. hann virðist ekki alveg skilja aðstæðurnar (frábært dæmi er frásögnin af því þegar hann fer á stúkufundinn). Hins vegar höfum við þroskaðan mann (Þórberg eldri) sem heldur um tauma frásagnarinnar, velur, tengir og stýrir frásögninni, hefur skoðun á henni og (síðast en ekki síst) gerir oft á tíðum makalaust grín að því sem fram fer. Í „bilinu“ eða fjarlægðinni á milli þessara tveggja sögumanna verður íronía verksins til. (Þótt hugtakið íronía falli kannski best inn í umræðu um málfar og stíl þá tel ég engu að síður tilvalið að fjalla aðeins um það í tengslum við hinn tvískipta sögumann. Því tel ég að kennari ætti að fara nokkrum orðum um það hvernig Þórbergur notar einmitt þessa frásagnaraðferð (að stilla ungrí og óreyndri söguhetju upp á móti vitrari sögumanni) í þeim tilgangi að framkalla íroníu eða háð í textann. Með því að sýna hvernig hinn ungi Þórbergur misskilur aðstæður í sífellu og gerir sig þ.a.l. kjánalegan (eða a.m.k. broslegan) hæðist hinn eldri Þórbergur að sjálfum sér (ungum) og þetta stílbragð er kannski það sem er eitt mest heillandi við frásögnina; lesandinn fær samúð með þessum broslega náunga sem er svo skelfing mannlegur í öllu látæði sínu.)

Tvískiptingu sögumannsins sjáum við best þegar farið er fram og aftur í tíma í frásögninni (sbr. ýmis dæmi hér að ofan). Sögumaður 1 (eða Þórbergur eldri) hefur yfirsýn og þekkingu sem er mikið víðtækari en sýn og þekking sögumanns 2 (Þórbergur yngri). Sögumaður 1 veit hvað gerðist löngu síðar en þeir atburðir sem sögumaður 2 er að lýsa í frásögninni. Víða í frásögninni má sjá skil þessara tveggja sögumanna.

Dæmi:

„En ef ég hefði þá verið svo lærður í tungum erlendra þjóða, að orðið *geníal* væri tamt málfari mínu, þá myndi ég ósjaldan hafa sagt við sjálfan mig á hinum leiftrandi augnablikum: Þessi kennari er *geníal*.“ (bls. 33)

„Og ennþá gengur það mér nærri hjarta, hve upplyftur ég varð, [...]“ (bls. 35)

„Ég þykist ekki aðeins hafa sæmilega grundvallaða ástæðu til að trúa, að koma mín í Unuhús hafi bjargað því, sem flestum yngri og eldri er dýrmætast allra gæða: sjálfu lífinu í brjósti mér.

En auk þess veit ég ekki betur en ég eigi það Unuhúsi að þakka, hvaða stefnu þessi sundurknosaði andi tók í lífinu, með öðrum orðum: hvað hann *varð*, hvað hann *er* og hvað hann *verður*. [...]“ (bls. 354)

(Frekari umfjöllun um form *Ofvitans* og hinn tvískipta sögumann sérstaklega má finna í grein Sigríðar Rögnvaldsdóttur: „Brotin heimsmynd. Um sýnd og reynd í Íslenzkum aðli og Ofvitanum“. Einnig bendi ég á mjög góða úttekt Þorleifs Haukssonar í *Íslenskri stílfræði* (1994), bls. 624–631 sérstaklega.)

Fjórða vika: Persónulýsingar og helstu þemu

Fyrir sjöundu kennslustund mætti setja nemendum fyrir kafla 24–27 (I. Paragraf A – Upphefð mín og niðurlægning, bls. 183–207)

Einnig mætti setja þeim fyrir þema-tengd verkefni og láta nemendur flytja þau munnlega í sjöundu og áttundu kennslustund. Verkefnin mætti vinna í hópum eða þorum – eða þá sem einstaklingsverkefni.

Verkefnin gætu verið eftirfarandi:

- a) Lýsið afstöðu söguhetjunnar (og féлага hans) til kynlífs. Fjallið um 1. paragraf a og hvernig söguhetjunninn gengur að halda þá lífsreglu.
- b) Lýsið samskiptum kynjanna eins og þeim er lýst í bókinni. Hvernig eru hugmyndir söguhetjunnar um kvenfólk? Styðjið mál ykkar með dæmum úr bókinni.
- c) Skilgreinið hugtakið „ofviti“ út frá bókinni. Hvað felst í því að vera ofviti?
- d) Lýsið afstöðu söguhetjunnar til rómantíks kveðskapar. Styðjið með dæmum úr bókinni.
- e) Hvernig er sjálfsmynd söguhetjunnar? Styðjið með dæmum úr bókinni.
- f) Lýsið afstöðu söguhetjunnar til menntamála. Styðjið með dæmum úr bókinni.
- g) Lýsið afstöðu söguhetjunnar til trúamála. Styðjið með dæmum úr bókinni.
- h) Lýsið afstöðu söguhetjunnar til áfengismála. Styðjið með dæmum úr bókinni.
- i) Veljið einhverja persónu aðra en Þórberg og segið frá henni. (Hér mætti velja einhvern af vinum Þórbergs eða einhverja aðra persónu sem hann lýsir í bókinni. Gaman gæti verið ef nemendur gætu fundið aðrar heimildir um viðkomandi persónur.)

7. kennslustund

Ofvitinn er í grunninn ein stórkostleg persónulýsing. Sögumaður lýsir sjálfum sér eins og hann var um tvítugt og ekki að ástæðulausu að hann kallar verkið „sálarlýsingu“ á síðustu síðunni. Það er í sálarlýsingunni sem frásögnin rís einna hæst og ef hægt er að tala um rauðan þráð frásagnarinnar, þá er það sjálfslýsing „ofvitans“ sem myndar þann þráð. En hvers konar sjálfslýsing er hér á ferðinni?

Sjálfslýsingin hefst á fyrstu síðu og þar er strax sleginn grunntóninn: „En hvað ég var mikill einstæðingur!“ Þessi lýsing er síendurtekin í ýmsum tilbrigðum en fljótlega blandast henni nýr tónn:

„Hvað er ég?“

Aðeins örsnaður einstæðingur, skinhoraður og skítugur kokkræfill, áreiðanlega snauðastur allra hinna snauðu, lingerður og ónýtur til allra

líkamlegra stritverka, hjartabílaður síðan ég var á öðru ári æfingar. Eini auður minn er spekin. Eina stolt mitt er vizkan.“ (bls. 9)

Í eina röndina lýsir söguhetjan sér sem fákunnandi einstæðingi en í hina sem gáfaðri en gerist og gengur. Orðið „ofviti“ kemur einnig fyrir strax á fyrstu síðu: „Svona höfðu lífdagarnir mjakast framhjá fjörefnasnauðri æsku ofvitans í þrjú veltandi úthöld, [...]“. Hann er einstæðingur, ofviti – og þriðji tónninn bætist fljótlega við: hann er öðruvísi en aðrir, furðulegur, skríttinn, passar ekki inn í hópinn: „Ég var aftur orðinn þessi furðulegi Þórbergur Þórðarson, sem ég var byrjaður að hata. Það virtist vonlaust verk að skapa úr mér alminilegan mann.“ (bls. 39) Þessi þrjú atriði eru meginþættirnir í sjálfslýsingu Þórbergs – og um hvert þeirra mætti taka fjölmörg dæmi (ég hirði ekki um að gera það hér því þau blasa við svo að segja á annarri hverri blaðsíðu).

Á þessum tímamarki í kennslunni, þegar nemendur hafa lesið meirihluta verksins – og viðfangsefnið er persónulýsingar – er við hæfi að ræða við nemendur um titilinn og láta þá velja því fyrir sér hvað felst í orðinu „ofviti“. Er það jákvætt eða neikvætt? Er það eitthvað skylt orðinu „nörd“? Einnig má biðja nemendur, hvern og einn, að benda á staði í bókinni þar sem um sjálfslýsingu er að ræða. Er sjálfslýsing Þórbergs raunsæ að þeirra mati? Af hverju er hann stundum svo ótrúlega aumur og stundum svo kokhraustur? Er munur á því hvernig hann lýsir sér þegar hann er einn og þegar hann er í hópi annarra? Af hverju sker hann sig úr hópnum? Finnst honum alltaf neikvætt að skera sig úr hópnum?

Látið nemendur einnig velja fyrir sér merkingu orðsins ofviti gagnvart orðinu meðalmennska. Hvort er betra að vera ofviti eða „miðlungsmaður“ (sjá bls. 40).

Þórbergur Þórðarson var ekki aðeins snillingur í sjálfslýsingu, lýsingar hans á öðru fólki eru einnig stórkostlegar og þær eru margar að finna í *Ofvitanum*. Tilvalið er að skoða með nemendum hvernig Þórbergur byggir persónulýsingar sínar upp. Dæmi mætti taka af lýsingunni á Eiríki á Brúnum (í kaflanum Bókfell aldanna – hér er tilvalið að benda nemendum á að hér er um að ræða sömu persónu og Halldór Laxness notar sem fyrirmynd að Steinari undir Steinahlíðum í *Paradísarheimt*) eða einhverjum af vinahópnum sem kemur í Bergshús og/eða sambýlingum hans (Oddur Ólafsson er tilvalið dæmi). Sýnið hvernig hann kynnir hverja persónu gjarnan til sögu

með því að lýsa ytra útliti hennar en kynnir síðan hennar innri mann með ýmsum sögum, gjarnan skemmtisögum.

Dæmi: Oddur Ólafsson

Í kaflanum Sambýlingar (96–98) er Oddur Ólafsson kynntur sem annar af sambýlismönnum Þórbergs í Baðstofunni í Bergshúsi. Þórbergur byrjar á að staðsetja hann í ætt og sveit: „Hinn náunginn var í ætt við sjálfan landshöfðingjann yfir Íslandi, Magnús Stephensen. Hann hét Oddur, og hann var Ólafsson, ættaður austan úr Reynihverfi í Mýrdal og hóf nám í undirbúningsdeild Verzlunarskólans þá um haustið.“ (96) Síðan kemur allitarleg útlitslýsing:

Oddur var aðeins neðan við meðallag á hæð, þrekvaxinn og karlmannlegur, eilítið stirðlegur í hreyfingum, útskeifur í göngulagi og ekki ólíkt því sem hann væri að strita við eitthvað, þegar hann gekk. Hann var ljóshærður, gráeygur, breiður á vanga, ívið þungur á brún og nefið upphafið að framan. Höfuðið var í meðallagi hátt og í meðallagi langt, fór allmjög breikkandi niður og var þykkt milli eyrna. Af því mátti ráða, að lífshlutverk Odds yrði framkvæmdir og hagnýt viðfangsefni. Þó mátti einnig merkja á höfuðgerð hans nokkra trúarhneigð og drög til hugsjónagáfu. Andlitssvipurinn speglaði ríklundað hugarfar, samvizkusemi, þrautseigju, reglusemi, festu og ekki áberandi tilhneigingu til að láta hlut sinn fyrir öðrum. (bls. 96)

Þetta er aðeins upphafið af ríkulegri lýsingu Odds, Þórbergur heldur áfram að lýsa hátterni hans, iðni og ýmsu öðru. Bendið nemendum á hvernig Þórbergur lætur sem hann geti lesið út úr höfuðbyggingu og andlitssvip Odds ýmislegt um skapgerð hans og framtíðarhorfur. Sögurnar sem síðan fylgja í næstu köflum staðfesta einmitt þá skapgerð og þær framtíðarhorfur sem sögumaður hefur spáð fyrir um með því að skoða útlit mannsins! (Hérna kemur sögumaður 1 greinilega fram, það er hann sem stýrir frásögninni – ekki satt?) Bendið nemendum einnig á hvernig Þórbergur bætir lit og húnur í persónulýsinguna með útsmognum smáatriðum, eins og þessu: „Eina nautn hans í þessum nautnasjúka heimi var að smakka vínarbrauð með sykri ofan á. Hann var nýkominn úr sveit.“ (97)

(Persónulýsingar voru reyndar það fyrsta sem Þórbergur Þórðarson birti opinberlega. Þetta voru svokallaðir „Palladómar“ sem hann skrifaði í *Skinfaxa*, tímarit Ungmennafélags Reykjavíkur. Palladómar Þórbergs eru frábærlega myndir og „absúrd“ á köflum (gæti verið gaman ef einhver nemandi tæki að sér að finna þá og

kynna fyrir bekknum). Íronía hans er strax komin fram þar, eins og sjá má af þessari tilvitnun (hann er að lýsa vinsælum fótoltakappa, Arreboe Clausen):

Hann er hjólliðugur spilisti, hundfjörugur, sauðkappgjarn og ljónfylginn sér. Það er yndislegt að sjá hann spila fótolta, þegar blár loginn stendur aftur af honum, eins og blúss gegnum tímans myrkur. Manni finst maður sjá svona cirka 1000 ár fram í tíðina, þegar Clausen spilar fótolta og burstar okkur alla hina. Svo bjart er í kringum hann. Svo mikinn framsóknargust leggur frá honum. Hann fer með oss hina inn í ókomna tímann, þar sem fegurstu framtíðardraumar vorir rúmast í nokkrum fótoltum. Þá verður gaman að lifa. Mér líður sárilla í maganum, af því að geta ekki lýst betur þessari framtíðardýrð, sem mig dreymir þó ár og síð um eins og holduga stúlku, eins og silkimjúka kongsdóttur í álögum norður í Kolbeinsey. Ég segi bara: allir eitt! Þá komumst við áfram. (Sjá nánar í bók Helga M. Sigurðssonar: *Frumleg hreinskilni. Þórbergur Þórðarson og mannlífið á mölinni í upphafi aldar* (1992), bls. 60–61.)

(Tillaga: Látið nemendur skrifa persónulýsingu / palladóm um einhvern bekkjarfélagasinn – í anda Þórbergs.)

Fyrir áttundu kennslustund mætti setja nemendum fyrir að lesa kafla 28–30 (Gagnfræðanámið – Unaðsemdir ástarinnar, bls. 208–230).

8. kennslustund

Í verkefnunum hér að ofan var reynt að koma sem flestum áleitnustu þemum verksins að. Það er líka alltaf gaman að láta nemendur glíma sjálfa við að skilgreina helstu þemu verksins. Hér fyrir neðan geri ég lista yfir helstu þemu *Ofvitans* samkvæmt mínu mati. Hver og einn getur síðan bætt við hann eftir þörfum og smekk:

Helstu þemu:

Þróun sjálfsmyndar
Vinátta
Einstæðingsskapur
Samskipti kynjanna
Ást
Kynlíf
Kveðskapur
Menntamál
Trúmál
Áfengismál
Stjórnsmál

Kennari getur byrjað á því að spyrja nemendur einfaldlega: Hvaða umfjöllunarefni eru áleitnust í *Ofvitanum*? (Gjarna skrifa svör þeirra upp á töflu.) Síðan væri hægt að fara í gegnum þau efni – eða þau þemu – sem þau nefna og reyna að finna út afstöðu sögumanns til þeirra. Um leið er hægt að kynna hugtakið hneigð og/eða boðskap. Spurningin um hneigð er í raun spurning um hvaða skoðun eða afstöðu er verið að koma á framfæri í textanum. Hafa ber í huga að oft getur verið erfitt að greina einhverja ákveðna hneigð og að ekki er hún alltaf meðvituð þeim sem skrifar. (Hér er ég e.t.v. komin út í of flókna hluti fyrir framhaldsskólanema: undirtexta, mótlestur o.s.frv.?)

Dæmi:

Ef nemendur nefna að menntun sé áleitið þema í *Ofvitanum* þá getur kennari reynt að leiða umræðuna áfram með því að spyrja spurninga á borð við: Hvaða skoðun hefur sögumaður á menntun almennt? Er hún nauðsynleg? Í hverju felst hún? Hvaða skoðun hefur hann á íslenska menntakerfinu? Er hann hrifinn af námsefninu? Af hverju ekki? Er hann hrifinn af kennurunum? Af hverju ekki? Síðan er sjálfsagt að biðja þau að viðra skoðanir sínar á þessum málum. Hefur ástandið í menntunarmálum breyst til batnaðar eða er eitthvað í ádeilu Þórbergs enn í fullu gildi?

Ef nemendur nefna að ástin sé áleitið þema í *Ofvitanum* þá getur kennari spurt þau: Hvaða hugmyndir hefur sögumaður um ástina? eru þær raunsæjar eða rómantískar? Á hvern hátt? Hvaða hugmyndir hefur hann um kynlíf? Hverjar eru hugmyndir nemenda um ástina og kynlífið? Kannast þeir eitthvað við þær tilfinningar sem Þórbergur lýsir – eða eru tímarnir breyttir?

Þannig má að sjálfsgöðu taka fyrir öll þau þemu sem nemendur koma auga á (og bæta öðrum við). Mikilvægt er að biðja þau að benda á staði í verkinu til að rökstyðja mál sitt, eða bara benda á þá staði þar sem efnið er til umræðu. Umræða um þema verður þó ekki afgreidd í einum tíma, því þótt hugtakið sjálft sé ekki til umræðu alla jafna þá er að sjálfsgöðu alltaf verið að ræða um hvað textinn fjallar, hvaða hugmyndir eru settar fram í verkinu og hvernig þær eru framreiddar.

Fimmta vika: Málfar og stíll

Fyrir níundu kennslustund mætti setja nemendum fyrir að (hrað)lesa kafla 31–35 (Millilandafrumvarpið – Gömul saga, bls. 231–254) og lesa einnig kafla 36–39 (Tveir vitringar – Á ströndu hafsins dauða, bls. 255–309)

Fyrir tíundu (og síðustu) kennslustund má setja fyrir það sem eftir er af bókinni, kafla 40–43 (Þetta getur ekki gengið lengur – Rigningarsumarið mikla, bls. 310–354)

Ég skipti ekki sérstaklega niður kennsluefni 9. og 10. kennslustundar enda getur hver og einn kennari ákveðið hversu náði hann fer í málfar og stílbrögð *Ofvitans*. Þetta er þó mjög skemmtilegur þáttur og yfirleitt allt of lítill gaumur gefinn í íslenskri bókmenntakennslu (að mínu mati). Það er reynsla mín að nemendur hafa mjög gaman af stílfræði þegar þau hafa lært að þekkja sundur hin mismunandi stílbrögð (sem er ekki erfitt að kenna ef það er gert á lifandi hátt). Stílfræðiverkefni má setja fram í formi gátuleiks: Hvaða stílbrögð er hér um að ræða? Finndu dæmi um eftirfarandi stílbrögð ... o.s.frv.

Þá geri ég ráð fyrir að í síðasta tíma kjósi kennari einnig að draga gróflega saman yfirferðina á *Ofvitenum* og inna nemendur eftir heildaráhrifum, skoðunum sínum og verkinu og mati.

9. – 10. kennslustund

Þórbergur Þórðarson er einn mesti stílisti íslenskra bókmennta. Þetta blandast fáum hugur um og er sjálfsagt að fræða nemendur nokkuð um þennan þátt ritverka hans.

Hér mætti byrja á að lesa upphaf *Bréfs til Láru*:

Mín góða og skemmtilega vinkona!

Gegnumsýrður af heilögum innblæstri sem blóðmørskeppur í blásteinslegi, titrandi af hamstola lyftingu, vaggandi af ómþýðum englaröddum, er til mín hljóma gegnum gengishrun og öreigaóp vorrar vesölu jarðar, tvíhendi ég pennastönginni þér til dýrðar, þér til eilífrar dýrðar og vegsömunar, andlegrar umturnunar, sáluhjálpar og syndakvittunar, hvar af þú ljómar og forklárust eins og sólbakaður saltfiskur frammi fyrir lambsins stól.

Loks hlotnast þér blessun sú, sem þú hefir beðið brúðkaupsklædd alla ævi, andrikt sendibréf, ritlist snillingsins, skemmtun fræðimannsins, hugarflug skáldsins, vizka vitringsins, dulspeki draumhugans, hrollur hins hugsjúka, víðsýni vegfarandans, mælska hins málsnjalla manns, hlátur húmoristans, bituryrði háðfuglsins, hittni hermíkrákunnar, sýnir hugsjónamannsins, stormhugi stjórnálamannsins, víðhygli alheimsborgarans, átölur umbótamannsins, máttur mannvinarins, aðfinnslur alvörumannsins, hugrekki

hins hreinskilna, rödd hrópandans í eyðimörkinni, ylur kærleikans, raust réttlætisins, vandlæting sannleikans, mál spekinnar, niður aldanna, þytur eilífðarinnar. Amen.

Hér úir og grúir af stílbrögðum sem einkenna texta Þórbergs Þórðarsonar. Það fyrsta sem blasir við er stuðlun orða, stigmögnun og (breytilegar) endurtekningar. Þá má benda á viðlíkingar, myndhverfingar, vísanir (í Biblíuna), þversagnir, andstæður og hliðstæður. En það sem einkennir þessa klausu kannski fyrst og fremst er hin stórkostlega mælska og orðgnótt, auk þess að háu og lágu er slengt saman fyrirvaralaust (slíkt er oft kennt við „karnívalisma“ í fræðunum). Einnig leikast á í þessum texta, eins og yfirleitt í texta Þórbergs þar sem hann sjálfur er viðfangsefnið, sjálfsupphafning og grínaktugt sjálfsháð: „Gegnumsýrður af heilögum innblæstri sem blóðmörskæppur í blásteinslegi“. Með því að skoða þessa litlu klausu nákvæmlega má læra margt um stíl Þórbergs. Þórbergur stærði sig af því að vera jafnvígur á sex mismunandi stíltegundir: kansellistíl, fræðistíl, sögustíl, þjóðsagnastíl, spámannsstíl og skemmtistíl (sjá tilvitnun í *Bréf til Láru* bls. 150 hér að aftan).

(Skemmtilegt verkefni gæti verið að láta nemendur finna dæmi um hverja þessara stíltegunda í *Ofvitanum*. Til dæmis væri hægt að skipta þeim upp í sex hópa og biðja þau að skilgreina hverja stíltegund fyrir sig og sýna dæmi úr *Ofvitanum*. Það má benda þeim á bókina *Íslensk stílfræði* (1994) eftir Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson sem hjálpargagn, en í henni er að finna lýsingar á þessum stílbrögðum, auk alllangs kafla um Þórberg.)

Í *Íslenskri stílfræði* ræðir Þorleifur Hauksson stíl Þórbergs í *Ofvitanum* (og *Íslenskum aðli*) sérstaklega. Þar er að finna þennan stílbragðalista:

- Endurtekning (anafora)
- Klösun (accumulatio)
- Stigmögnun (gradatio)
- Myndhverfingar (metafora)
- Viðlíkingar (simile)
- Persónugervingar
- Nafnskipti (metonymia)
- Ýkjur (hyberbole)
- Þverstæður (paradox)

Þorleifur tekur dæmi úr bókunum tveimur en ég treysti kennurum til að finna sjálfir dæmi úr *Ofvitanum*, enda úir og grúir af þeim svo til á hverri síðu. Ég veit ekki hversu vandlega er farið í stílbrögð á þessu stigi náms en kennari gæti útskýrt fyrir nemendum hvað felst í ofantöldum hugtökum (og bæta má fleirum við, t.d. fleiri tegundum endurtekninga, eins og epifóru, klifun og krossbragði). Þá mætti biðja nemendur að vinna einstaklingsverkefni heima sem fælist í að finna dæmi um mismunandi stílbrögð.

Áður hefur verið minnst á mælsku Þórbergs og orðgnótt. Gera má ráð fyrir að nemendur rekist á ýmis orð og orðatiltæki í *Ofvitanum* sem þeir hafa aldrei séð áður og skilja lítið í. Tilvalið er að biðja nemendur að punkta hjá sér öll slík tilvik (t.d. í lestrardagbók, ef þau halda slíka) og síðan má ræða og skýra þau í kennslustundum. (Nú getur vel verið að í verkinu leynist líka orð sem kennari á bággt með að skýra og því eflaust gott að hafa orðabók við hendina – og jafnvel gæti svo farið að hún gæti ekki alltaf leyst málið.)

Sjálfsagt er að benda nemendum á að hluti af ferskleika stíls Þórbergs og nýnæmi hans er einmitt sú staðreynd að hann notar orðin oft á óvenjulegan hátt og hann býr jafnvel til ný orð. Í *Ofvitanum* er meðal annars að finna þessar samsetningar: *kirkjuorgelslegast*, *sjálfbjargarlega*, *aðfangadagslegur*, *lánveitingarlegur*, *jesúkristilegur*, *halelújandi* og *hornaugagjótandi*. Þetta er óvenjuleg orðanotkun en auðskiljanleg. Eða þá þetta hér: „Við áttum alltaf víst að sjá nægan forða af spássérandi kvenbirgðum niðri á Rúntinum, ekki einstaklinga, heldur heilan lager“ (bls. 175). Þá notar Þórbergur víða sagnir á mjög skemmtilegan hátt: „Ég kuðlaði á mig gömlu derhúfunni minni, hnepti að mér jakkanum og læðupokaðist af stað heimleiðis“ (18). „Við paufuðumst þrjú í halarófu [...] Við gláptum bara drúpanði höfði niður í dimma götuna“ (203). „Ég skenglaðist kúguppgefinn heim“ (339). Þá notar Þórbergur víða slettur, bæði úr dönsku og ensku, hann virðist ekki hafa verið neinn hreintungumaður þótt hann vildi að sjálfsögðu að menn notuðu orðin rétt og brengluðu ekki merkingu þeirra.

Þórbergur stundaði einnig sjálfur rannsóknir á stíl og skrifaði margar merkilegar ritgerðir um það viðfangsefni. Góður og áhugasamur nemandi gæti valið sér ritgerðarefni af þessum toga, t.d. að skoða „ritdóm“ hans um Hornstrendingabók, „Einum kennt, öðrum bent“, þar sem hann flokkar niður stílgallana: skalla,

uppskafning, lágkúru, og ruglanda. En Þórbergur var enginn íhaldsmaður á stíl, það sjá allir sem lesa *Ofvitann* (og önnur verk hans) að þar er málið ferskt og sköpunargleðin leynir sér ekki. Í áðurnefndum ritdómi segir hann:

Einhverjir myndu kannski freistast til að líta á þáttinn um uppskafninguna sem afturhaldsboðskap í stíl og máli. Engin boðun er fjær skapferli mínu. Ég er þeirrar skoðunar í dag eins og fyrir tuttugu árum, að mál og stíll þarfnist uppbyggingaraðgerðar öðruhverju, til þess að hið ritaða orð staðni ekki og kalkist. Það nægir ekki, frá mínu sjónarmiði að forðast gamlar yfirsjónir í stíl og máli og halda rithætti sínum „hreinum“ eins og það er orðað í tali fáfræðinnar. Höfundar verða jafnframt að leggja stund á að skapa eitthvað nýtt: að mynda ný orð, hugsa upp nýjar samtengingar orða, vekja dauð orð og orðasambönd til nýs lífs, auðga orð að nýjum merkingum, skapa ný setningaform, finna upp nýtt líkingamál, hefja orðaval og orðalag á hærra menningarstig, bræða upp útlend orð og útlendar málvenjur í deiglu innlands málfars o.s.frv. („Einum kennt, öðrum bent“ *Ýmislegar ritgerðir*, síðara bindi. Mál og menning 1979, bls. 79)

En á sama stað skrifar hann einnig:

Nýjungar í stíl eða máli ættu höfundar aldrei að eltast við í neinu öðru skyni en því eina að geta því betur túlkað sinn innra mann á pappírnum. Að beita nýjungum sem brellum til þess að gera sig sérkennilegan, frumlegan, lærðsmannslegan, gáfulegan eða listamannslegan fyrir hinum auðblekktu sjónum lesendanna, það er loddaramennska, uppskafning, og á ekkert skylt við sanna list né neina aðra yfirburði í ríki andans. (bls. 80)

(Nánar má lesa um stíl Ofvitans í áðurnefndri *Íslenskri stílfræði* og í óprentaðri kandiðatsritgerð Kristjáns Eiríkssonar: „Nokkrar athuganir á stíl Ofvitans með hliðsjón af Íslenskum aðli.“ Háskólabókasafn 1979.)

Ritgerðarefni úr *Ofvitanum*

- Þórbergur lætur skrá sig í Kennaraskólann í þeirri trú að þar sé lausn sjálfrar lífsgátunnar að finna. Lýsið væntingum hans og vonbrigðum í þessu sambandi og ræðið ádeilu hans á menntakerfið.
- Þórbergur lýsir sjálfum sér annars vegar sem „uppburðarlausum, fákunnandi einstæðingi“ og „fávísum uppgjafakokki“ en hins vegar sem „ofvita“ og „snillingi“. Lýsið hvernig sjálfsmynd hans tekur breytingum eftir aðstæðum hans og því umhverfi sem hann hrærist í.
- Í sál Þórbergs takast á „skítkokkurinn og eiturbrasarinn“ annars vegar og maður með „háleitt lífstakmark“ hins vegar. Lýsið þessari sálarstyrjöld á milli hins „lægra“ og hins „æðra“ manns sem búa innra með söguhetjunni.
- Ræðið um það sem Þórbergur kallar „orkuver andlegs lífs“ – samkomur ungu manna í Baðstofunni í Bergshúsi.
- Veljið einhverja aðra persónu *Ofvitans* en Þórberg og ræðið hvernig höfundur byggir upp persónulýsingu viðkomandi.
- Ræðið hugmyndir Þórbergs (og félaga hans) um skáldskap. Reynið að tengja það stefnum og straumum í bókmenntum í upphafi tuttugustu aldarinnar.
- Lýsið baráttu Þórbergs við lífsreglurnar (hér mætti gera samanburð á baráttu Þórbergs og Brigdet Jones, sem einnig setur sér lífsreglur (í síðari bókinni)).
- Lýsið hugmyndum Þórbergs um kvenfólk og samskiptum hans við jafnaldra sína af kvenkyni.
- Lýsið afstöðu Þórbergs til ástarinnar annars vegar og til kynlífs hins vegar.
- Fjallið ítarlega um hvað felst í bókartitlinum, *Ofvitinn*.

Erfiðari ritgerðarefni (ef einhver nemandi er vel lesinn eða vill leggja meira á sig en gerist og gengur!):

- Lýsið frásagnaraðferð *Ofvitans*, með sérstakri áherslu á sögumann.
- Berið saman söguhetju *Ofvitans* og Ólaf Kárasón í *Heimsljósi* eftir Halldór Laxness.
- Fjallið um stílsnilld Þórbergs Þórðarsonar út frá *Ofvitanum*.

Viðauki I

Þórbergur Þórðarson: Æviferill

Þórbergur Þórðarson er samkvæmt kirkjubókum fæddur 12. mars 1888, en sagan segir að foreldra hans hafi hins vegar minnt að fæðingarár hans væri 1889 og sjálfur hélt hann sig við það ártal. Það má kallast kaldhæðni örlaganna að fæðingarárið skuli ekki vera á hreinu í tilviki Þórbergs því eins og menn vita var hann nákvæmur á ýmislegt, ekki síst tölulegar staðreyndir og mælingar. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er þó rétta fæðingarárið það sem skráð er í kirkjubækur, 1888. (Sjá greinar eftir Þorsteinn Gylfason og Einar Braga í *Tímariti Máls og menningar*, 3. hefti, 1989.) Þórbergur er fæddur á Hala í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu sem í þann tíma var eitt afskekktasta byggðarlag á Íslandi. Þarna voru þrjár bæir, kallaðir Breiðabólstaðarbæirnir, en þeir hétu Breiðabólstaður, Gerði og Hali. Ábúendur á bæjunum þremur tilheyrðu flestir sömu fjölskyldunni, enda var samgangur og hjálpssemi mikil á milli bæja. Og þarna var mikið af börnum sem léku sér saman, eins og Þórbergur hefur lýst svo eftirminnilega í *Rökkuróperunni*. Hann lýsir bernskuslóðunum einnig á eftirminnilegan hátt í ritgerðinni „Lifandi kristindómur og ég“. Þar segir meðal annars:

En Skaftafellssýsla hafði öldum saman verið mjög einangruð frá hugmyndaviðskiptum umheimsins. Að vestan er hún skorin frá Suðurlands-láglendinu af mörgum höfuðsöndum. Yfir sandana velta kolmórauð vatnsföll, er tálma mjög umferðum. Að austan er sýslan skilin frá meginlandinu af hárrí og langri heiði. Á sjávarsíðuna eru brimsandar og hafnleysur. Fram undir síðustu aldamót kom ekki nein önnur fleyta til Skaftafellssýslu en kaupskip frá Danmörku einu sinni til tvisvar á ári. Að baki byggðarinnar er risavaxinn fjallgarður og víðar jökulbreiður.

Skaftfellingar lifðu því og hrærðust í gömlum hugmyndaheimi alla leið fram undir síðustu aldamót. En þá tóku ýmsar nýjar hugmyndir að seytle út yfir sýsluna. Ekki höfðu þær þó fest verulegar rætur í Suðursveit í minni tíð austur þar. Reynsluvísindi síðustu aldar höfðu þá ekki kennt sveitungum mínum þessar gullvægu spurningar: hvernig? hvers vegna? Þeir höfðu þá ekki komið auga á þau einföldu sannindi, að eitthvað hlyti að vera bogið við trúarhugmyndir, sem brutu í beinan bág við þekkingu allra alda. („Lifandi kristindómur og ég.“ *Bréf til Láru*, 1987, bls. 213–214.)

Foreldrar Þórbergs voru Þórður Steinsson og Anna Benediktsdóttir. Þau bjuggu á Hala ásamt foreldrum Önnu, þeim Benedikt Þorleifssyni (frá Hólum í Hornafirði) og Guðnýju Einarsdóttur (frá Brunnum í Suðursveit), og þar bjó líka Auðbjörg systir Önnu. Auk Þórbergs áttu þau Þórður og Anna synina Steinþór (f.

1892) og Benedikt (f. 1896) en eina dóttur, Guðnýju (f. 1890) höfðu þau misst fimm mánaða gamla. Þórbergur segir í *Steinarnir tala* að fyrsta minning hans sé af því þegar hann sat í baðstofunni á Hala og horfði á ofurlitla líkkistu systur sinnar.

Þrátt fyrir þá landfræðilegu og hugmyndafræðilegu einangrun sem Þórbergur talar um í tilvitnuninni hér að ofan þá segir hann að foreldrar sínir hafi verið skynsamlegt fólk og vel gefið.

En heimskt var fólk þetta samt ekki. Foreldrar mínir voru til dæmis mjög vel skynsamir. Þeir voru að ýmsu leyti á undan sínum tíma. Faðir minn var einhver fróðleiksfúsasti maður, er ég hefi þekkt. Á unga aldri hafði hann stofnað dálítið bókasafn þar í sveit með nokkrum nágrönnum sínum. Og sjálfur átti hann þar að auki töluvert af góðum bókum. Hann var sílesandi, þegar honum slapp verk úr hendi, og lagði hann mesta rækt við fornsögurnar. Hann var og hagar á tré. Einkum smíðaði hann skjólur og manntöfl, enda tefldi hann töluvert á sínum yngri árum. Hann var sambland af þröngsýnum íhaldsmanni og vanstilltum byltingarsegg, annars vegar gæddur rómantískum tilfinningum, hins vegar áskapað efagjarnt íhugunareðli. („Lifandi kristindómur og ég.“ *Bréf til Láru*, 1987, bls. 214.)

Og um móður sína segir Þórbergur:

Móðir mín var prýðilega greind kona. Hún las frábærlega vel og hneigðist meira að nútíðarbókmenntum en faðir minn. Hún var einkar frjálslynd í skoðunum, víðsýn í hugsunarhætti, hafði mjúka skapsmuni, var mjög umburðarlynd, kurteis í tali og óvenjulega sýnt um að koma fyrir sig orði. Hún las mikið lækningabók Jónasens og var mjög nærfærin í læknisdómum. Hún bar og ágætt skyn á garðrækt og átti nokkra ritlinga um þau efni. Hún var snillingur í kvenlegum hannyrðum. Í æsku hafði hún komið töluvert niður í dönsku. En í þann tíð var það álíka fátíð íþrótt í Suðursveit eins og ef frúnar í höfuðstaðnum settust við að læra gríska tungu. („Lifandi kristindómur og ég.“ *Bréf til Láru*, 1987, bls. 214.)

Þórbergur hefur lýst æskuárum sínum í Suðursveitarbókunum svonefndu, en það eru bækurnar *Steinarnir tala* (1956), *Um lönd og lýði* (1957), *Rökkuróperan* (1958) og svokölluð *Fjórða bók* (1974) sem hann lauk aldrei við. Auk þess hefur Þórbergur lýst æsku sinni í ritgerðinni „Lifandi kristindómur og ég“ sem hann samdi og flutti haustið 1926 sem svar við hörðum dómi Sigurbjarnar Ásvalds Gíslasonar um *Bréf til Láru*, þar sem Sigurbjörn réðst gegn þeirri mynd af kristni og kristinni kirkju sem honum fannst þar koma fram. Ritgerð Þórbergs er prentuð með *Bréfi til Láru* í útgáfu Máls og menningar frá 1987, ásamt fleiri ritsmíðum hans sem allar eru skrifaðar sem svar við gagnrýni á *Bréf til Láru*.

Þá er til ein merk heimild til viðbótar um lífið í Suðursveit á æskuárum Þórbergs en það er bókin *Nú nú. Bókin sem aldrei var skrifuð* sem hefur að geyma minningar Steinþórs Þórðarsonar bróður Þórbergs. Steinþór hafði ekki síðri frásagnargáfu en Þórbergur enda er bókin skrifuð orðrétt upp eftir segulböndum sem höfðu að geyma frásagnir Steinþórs sem útvarpað var veturinn 1969–70 og segir sagan að hann hafi ætíð talað blaðlaust. Steinþór segir m.a. þetta um bróður sinn: „... þó að Þórbergur hafi ekki farið með mikil fararefni úr Suðursveit, þá fór hann samt með það, sem hann hefur mulið úr og mun lengst mylja úr, og það er sá andlegi arfur, sem hann fór með frá liðnum feðrum og mæðrum sínum.“ (SP, *Nú nú...*, 1970, bls. 137.)

Þórbergur lýsir því í *Steinarnir tala* að hann hafi verið afar heilsulaus sem barn (sjá t.d. bls. 29–32). Af frásögn hans má ef til vill álykta að hann hafi fæðst með gat á hjartahólfi sem hafi síðan gróið þegar hann varð eldri. Hvað sem því líður þá leiddi þessi krankleiki Þórbergs til þess að hann þótti lítt liðtækur til sveitaverka og samband hans við föður sinn var af þessum sökum stundum heldur brösótt í æsku. Það varð snemma ljóst að hugur Þórbergs sneri ekki að sveitaverkum og að hann myndi ekki taka við búinu af föður sínum. Það kom í hlut næstelsta bróðurins, Steinþórs. Það var því ekki annað fyrir Þórberg að gera en að hleypa heimdraganum og það gerði hann á útmánuðum 1906, 18 ára gamall, en þá hélt hann til Reykjavíkur. Þetta var í fyrsta skipti sem Þórbergur kom vestur fyrir Skeiðarársand og líklega hefur hann kviðið nokkuð fyrir burtförinni því sagan segir að hann hafi drukkið sig fullan í sjóreknu koníaki kvöldið áður en hann fór að heiman. En árið 1906 var einmitt strandár, eins og það kallaðist í Suðursveit, og mikið hafði borist á land af eðalkoníaki. (Sjá Steinþór Þórðarson, *Nú Nú...*, 1970, bls. 28.)

Á þessum árum voru lög um vistarbönd hjúa enn í gildi og Þórbergur gerði vistarsamning við mann að nafni Runólfur Guðmundsson sem bjó á Vitastíg 9. Í vistarsamningum fólst að Runólfur sá Þórbergi fyrir fæði, húsnæði og vasapeningum en hafði í staðinn rétt til að ráðstafa honum í þá vinnu sem honum sýndist og halda eftir kaupinu hans. Runólfur réð Þórberg á skútuna *Seagull*, 86 tonna skip, tvísígl. Á þeirri skútu var hann tvær vertíðir en síðan í tvö ár á Kúttar Hafsteini. Þórbergur var lengst af kokkur á sínum sjómennskuferli og hefur hann lýst þeirri þrælavist á skemmtilegan hátt í upphafi öðrum kafla *Bréfs til Láru*, í upphafi *Ofvitans* og víðar og síðast en ekki síst í samtalsbók þeirra Matthíasar Johannessens *Í kompaní við allífið*. (Sjá t.d. bls. 7 í *Ofvitenum*.)

Haustið 1909 settist Þórbergur síðan í Kennaraskólann og segir af veru hans þar í *Ofvitanum*. Frásögnin af því hversu háar hugmyndir Þórbergur gerði sér um menntastofnanir landsins og því síðan hversu þær hinar sömu stofnanir brugðust í öllu væntingum hans eru ógleymanlegar og líklega meðal hörðustu gagnrýni sem skrifuð hefur verið á íslenskt skólakerfi fyrr og síðar.

Þórbergur lauk þessum fyrsta vetri í Kennaraskólanum en skráði sig síðan í gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík og stundaði þar nám utan skóla. Hann setti stefnuna á Heimspekideild hins nýstofnaða Háskóla Íslands (stofnaður 1911) og ætlaði sér því að taka gagnfræðapróf og síðan stúdentspróf. Ekkert varð þó úr þessum áformum hans og kom þar ýmislegt til. Í fyrsta lagi má nefna óbeit hans á hefðbundnu skólanámi og í öðru lagi fátækt. Hann hafði hreinlega ekki efni á að kaupa sér kennslubækur og ritföng, hvað þá tilsögn. Í stað hins hefðbundna náms tók hann upp sjálfsnám sem hann stundaði af krafti á Landsbókasafninu sem þá var nýrishið. Vorið 1913 reyndi hann við gagnfræðaprófið en þar gekk allt á afturfótunum og hann féll á prófinu (sjá m.a. Helgi M. Sigurðsson, *Frumleg hreinskilni. Þórbergur Þórðarson og mannlífið á mölinni í upphafi aldar*, 1992). Hann gaf þá áform um gagnfræða- og stúdentspróf upp á bátinn og fór um haustið beina leið í heimspekideild Háskólans. Þetta var hægt, þ.e.a.s. allir höfðu leyfi til þess að hlýða á fyrirlestra í háskólanum, en til þess að fá að ljúka þaðan prófum þurfti hins vegar fyrrnefndar prófgráður, eins og síðar átti eftir að koma Þórbergi í koll.

Þetta tímabil í lífi Þórbergs, þ.e. árin 1909–1913, er líklega það sem flestir kannast við af lýsingum hans í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum*. Síðasti kafli *Ofvitanans* nefnist „Rigningarsumarið mikla“ og hefst hann þar sem „hinum þungu prófraunum [hans] er lokið“ (bls. 333) og hann fær loforð um vinnu við húsamálun hjá Ástu málara þá um sumarið. Þá bregður svo við að það tekur að rigna og það rignir dögum saman og á meðan rignir er ekki hægt að mála utanhúss, en til þess var hann ráðinn. Þórbergur er févana, stundum getur hann kríað sér út pening fyrir einu mjólkurglassi og snúð, aðra daga sveltur hann heilu hungri. Þórbergur lýsir því eins og honum er einum lagið hvernig máttur hans og geðheilsa fara þverrandi eftir því sem dagarnir líða og að lokum er svo komið að hann sér enga ástæðu til þess að fara með fötum og í þrjá daga mókir hann matarlaus í rúminu. Þá gerist það atvik sem hann segist „ekki geta skilið enn þann dag í dag“, eins og segir í bókinni:

Þá eru barin nokkur létt og hæversk, en þó einarðleg högg á hurðina. Ég kippist við. Þetta var óþægilegt. Það var eins og rekinn væri í mig hnífur gegnum hina löngu, djúpu þögn.

Kom inn! segi ég samt og færi herðarnar upp á verlausan og skítugan koddagarminn.

Í því opnast hurðin og í dyrunum stendur allt í einu ungur maður, hár vexti, grannholda með skollitt hár mikið, dökkleitt alskegg, dökkleitar augabrúnir fagurlega hvelfdar, dökkgrá augu, snarleg og góðleg, fullt og höfðinglegt enni, nettar og aristokratiskar hendur. Svipurinn var hreinn, göfugmannlegur og ákveðinn, kannski ívið raunalegur, með keim af fyrirlitningu á því, sem ekki væri vert að hafa í hávegum. Þetta andlit var svo ólíkt öllum öðrum ávöxtum jarðarinnar, sem ég þá hafði séð, að mér flaug ósjálfrátt í hug málverk af Jesú Kristi. (*Ofvitinn*, bls. 347.)

Hér er að sjálfsgöðu kominn Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi sem hefur Þórberg með sér heim, gefur honum að borða og ráða þau mæðgin, Erlendur og Una, hann í vinnu við að mála húsið sitt, að utan og innan, gegn fæði á meðan og þrjá mánuði eftir að málningarvinnunni lýkur. Reyndar fór það svo að hann varð þarna kostgangari næstu sex árin. Þetta atvik bjargaði lífi Þórbergs, um það er hann ekki sjálfur í neinum vafa og hann segir að auki:

En auk þess veit ég ekki betur en ég eigi það Unuhúsi að þakka, hvaða stefnu þessi sundurknosaði andi tók í lífinu, með öðrum orðum: hvað hann *varð*, hvað hann *er* og hvað hann *verður*. (*Ofvitinn*, bls. 354.)

Þegar Þórbergur hóf nám við heimspekideild haustið 1913 voru nemendur þar mjög fáir enda hafði deildin takmörkuð fjárráð og kennslan þar bæði stopul og af skornum skammti. Markmið deildarinnar var að kenna bókmenntir, málfræði, sögu, heimspeki og erlend tungumál en deildin var í raun ófær um að útskrifa nokkurn mann með meistaragráðu lengi vel, enda gerði hún það ekki fyrr en árið 1922. Meðan Þórbergur stundaði þar nám voru skráðir nemendur oft ekki nema tveir til þrjár eða jafnvel enginn, en hins vegar var talsvert um að fróðleiksfúsir leikmenn sæktu fyrirlestra (sjá Helgi M. Sigurðsson, 1992, bls. 37).

Þórbergur er þegar þarna er komið farinn að gera sér vonir um að geta í framtíðinni stundað ritstörf samhliða kennslu sér til viðurværis. Hann stundar nám við Háskólann á árunum 1913–1919 og vakti athygli kennara fyrir áhuga sinn og elju, en það fór engu að síður svo að lokum að hann fékk ekki að taka lokapróf. Hann hefði þá orðið fyrsti nemandi til að brautskrást úr deildinni. (Sjá Helgi M. Sigurðsson, 1992, bls. 41.)

Á námsárum sínum, eða allt frá 1909 þegar hann slítur vistabandinu hjá Runólfi Guðmundssyni, er Þórbergur upp á sjálfan sig kominn með að sjá sér farborða og þetta eru ár mikillar fátæktar, eins og hann hefur sjálfur best lýst í *Ofvitanum* og einnig má lesa um í dagbókum hans og ýmsum óbirtum handritum. Í *Bréfi til Láru* lýsir hann þessu reyndar á hnitmiðaðan hátt þegar hann segir: „Ég kom öreigi á skútu og fór þaðan beiningamaður.“ Eftir skútuvistina leigði Þórbergur sér herbergi í Bergshúsi að Skólavörðustíg 10 og þar bjó hann næstu fjögur árin þar til honum var sagt upp vegna vandræða hans með að standa skil á leigunni. Eftir það bjó hann víða, stutt á hverjum stað. Fyrst bjó hann um stund í húsi Þorsteins Erlingssonar skálds, en hann kynntist skáldinu ekkert, reyndi að forðast að hitta það svo hann yrði ekki rukkaður um leiguna. Þarna bjó hann þegar Erlendur kom og bjargaði honum frá hungurdauðanum.

Um haustið 1913 fékk hann leigða ofurlitla herbergiskompu að Norðurstíg 7. Meðfram skólavistinni stundaði hann stopul störf meðal annars í Ísafoldarprentsmiðju, en erfitt var að fá vinnu á þessum tíma vegna almenns atvinnuleysis. Haustið 1914 hrakar heilsu hans mjög og þá bregður hann á það ráð að byrja að stunda Müllers–æfingar sem voru sambland af léttum líkamsæfingum og köldum sjóböðum. Margir urðu vitni að því þegar Þórbergur stundaði þessar æfingar nakinn úti í Örfirisey eða suður í Skerjafirði. Heilsa hans skánaði nokkuð af þessu en verulega bót fannst honum hann ekki fá fyrir en hann byrjaði einnig að stunda yoga fjórum árum síðar. Þennan vetur 1914–15 fékk Þórbergur til umráða stærra herbergi á Norðurstígnum, en vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri var verð á kolum geysihátt og þurfti hann oftast að hirst skjálfandi í ísköldu herberginu. Þórbergur missti síðan þetta herbergi í ársbyrjun 1916 vegna vangoldinnar leigu, þá bjó hann um stund á Laugaveginum og síðan flutti hann sig á Barónsstíg vorið 1916.

Á háskólaárunum fékkst Þórbergur nokkuð við að yrkja. Hann hafði mikinn áhuga á ljóðlist og kunnir hundruð kvæða utanbókar að sögn á þessum tíma. Meðal þeirra sem hann mat mest í hópi skálda voru þeir Jónas Hallgrímsson og Grímur Thomsen. En af samtíðarskáldum dýrkaði hann Einar Benediktsson, þar til árið 1914 að algjör sinnaskipti urðu hjá honum í garð Einars. Yrkingar Þórbergs voru þó sannarlega ekki í hefðbundnum anda, heldur var yfirleitt um að ræða skopstælingar á ríkjandi kveðskaparhefð sem honum þótti lítið til koma, vera klisjukennd og væmin. Metnaður Þórbergs hefur líklega ekki beinst að því að gerast ljóðskáld. Engu að síður eru fyrstu bækur hans ljóðabækur: *Hálfir skósólar* komu út 1915, *Spaks manns spjarir*

1917 (báðar undir dulnefnum Styrr Stofuglamm) og *Hvítir hrafnar* komu út 1922. Þar var um að ræða endurútgáfu á fyrri bókunum auk nokkurra nýrra ljóða. Í drögum að sjálfsævisögu sem Þórbergur skrifaði seint á fjórða áratugnum og til er í handriti á handritadeild Landsbókasafns–Háskólabókasafns lýsir Þórbergur í einum kafla tilurð þessara fyrstu bóka sinna og hefur kaflinn verið birtur í *Tímariti Máls og menningar* (2/1991, bls. 27–29).

Helgi M. Sigurðsson, sem hefur líklega manna mest rannsakað handrit Þórbergs á handritadeildinni (þau taka yfir sex hillumetra og er mjög margt af því efni óbirt), segir í bók sinni *Frumleg hreinskilni* eftirfarandi:

Segja má að frá 1910 til 1920 hafi ritfærni hans færst úr algerum viðvaningsbrag, þar sem hann var rétt sendibréfsfær, yfir í jafngildi þess besta sem kom frá öðrum íslenskum pennum. En það gerðist ekki áreynslulaust, heldur með látlausum skrifum. Stórum hluta hvers sólarhrings varði hann við skrifborðið, ekki síst fyrri hluta nætur. Honum duldist heldur ekki árangurinn og kom mörgum kunningjum sínum fyrir sjónir sem mjög sannfærður maður um eigið ágæti. Samt sem áður flýtti hann sér hægt við að koma greinum á prent. Sú fyrsta birtist ekki fyrr en árið 1919, þegar hann var orðinn þrítugur. Til þess tíma virðist honum ekki hafa fundist knýjandi þörf á því að almenningur læsi þær. (Helgi M. Sigurðsson, 1992, bls. 53)

Fyrsta greinin sem Helgi nefnir hér kallaðist „Ljós úr austri“ og birtist í tímaritinu *Eimreiðinni* 1919. Áður höfðu þá birst svokallaðir „Palladómar“ eftir Þórberg í *Skinfaxa*, tímariti Ungmennafélags Reykjavíkur, sem hann var félagi í um tíma. Einnig má nefna að Þórbergur hélt lengst af dagbækur og var ötull bréfritari þannig að allt hefur þetta smám saman mótað þann snjalla penna sem mönnum þótti sem að stykki fullskapaður fram í *Bréfi til Láru* árið 1924.

Eins og menn þekkja af *Íslenskum aðli* og *Ofvitanum* þá varð haustið 1911 á vegi Þórbergs stúlka sem hann féll fyrir, kallaði „elskuna sína“ og setti í guðatölu þó að hann aðhafist fátt til að ná ástum hennar. Fullvíst þykir að hér sé um að ræða stúlku að nafni Arndís Jónsdóttir sem leigði herbergi í Bergshúsi þar sem Þórbergur bjó á árunum 1909–1913. Arndís þessi var sem sagt fyrirmyndin að „elskunni“ hans Þórbergs en hún var hins vegar sjálf alls ekki sátt við þá mynd sem Þórbergur dró upp af sambandi þeirra í bókunum tveimur og kannaðist ekki við að á milli þeirra hafi nokkuð verið, meira en gerist og gengur um fólk sem leigir í sama húsi.

Árið 1918 kynntist Þórbergur hins vegar stúlku sem segja má að hafi verið huldukona í lífi hans allt til ársins 1983 þegar bréf hans til hennar voru gefin út í bókinni *Bréf til Sólu*. Hún hét Sólrún Jónsdóttir, dóttir Guðbjargar Einarsdóttur sem

var einstæð þriggja barna móðir í Reykjavík og framfleytti sér og börnum sínum með þvottum og öðrum tilfallandi störfum. Guðbjörg var aðventisti og henni var það kappsmál að gifta dóttur sína manni sem gæti séð henni sómasamlega farborða og því lagðist hún þvert gegn samdrætti þeirra Þórbergs. Hún hafði reyndar fundið mannsefni handa dóttur sinni, og hét biðillinn Steinþór Pálsson. Steinþór var sjómaður og meðlimur í aðventistasöfnuðinum. Þótt Sóla bæri engar tilfinningar í garð Steinþórs lét hún móður sína telja sig á að heitbindast honum, en það kom hins vegar ekki í veg fyrir að hún tæki upp ástarsamband við Þórberg. Engu að síður fóru mál á þann veg að Sóla giftist Steinþóri í ársbyrjun 1919 og eignaðist með honum son sama ár. Hjónaband þeirra var þó gæfulaust. Þórbergur fylgist með Sólu og árið 1922 tóku þau aftur upp ástarsamband. Sagan segir að Steinþór hafi vitað af sambandinu en látið það afskiptalaust, enda hafi hann lengst af verið á sjó. Guðbjörg var hins vegar æf yfir endurnýjuðum kynnum og gerði allt sem í hennar valdi stóð til að stía þeim Þórbergi og Sólu í sundur. Hún hafði þó ekki árangur sem erfiði og í byrjun sumars 1923 varð Sóla ófrísk af Þórbergs völdum. Til er þessi vísa sem talið er að hann hafi ort að því tilefni:

Í flokki virða fremstur er
fríður og tign sem haukur.
Á veiðar eins og valur fer,
en verpir eins og gaukur.

Þórbergi og Sólu fæddist dóttir 29. febrúar 1924. Hún var skírð Guðbjörg í höfuðið á ömmu sinni og kennd við Steinþór, löglegan ektamaka móðurinnar. Steinþór lézt hins vegar á sóttarsæng þremur vikum síðar. Þá var rutt úr vegi hindruninni fyrir því að þau Sóla og Þórbergur ættust, en af því varð aldrei og ástæðan fyrir því að ekkert varð úr giftingu þeirra verður líklega aldrei kunn. Þórbergur hélt þó sambandi við Sólu og dóttur sína allt til ársins 1932 þegar hann gekk í hjónaband með Margréti Jónsdóttur. (Sjá um þetta mál formála Indriða G. Þorsteinssonar að *Bréfi til Sólu.*)

Í lífi Þórbergs gerðist það annað merkilegt þetta ár, 1924, að *Bréf til Láru* kom út og setti allt á annan endann í bókmenntalífi þjóðarinnar. Fyrir bókina hlaut hann landsfrægð og brottrekstur úr farsælu kennarastarfi úr Iðnskólanum og Verzlunarskólanum, en hann hafði sinnt kennslu frá því að hann hætti í háskólanum 1919.

Þórbergi var vel ljóst sjálfum hvers konar nýjung *Bréf til Láru* var í íslenskum bókmenntum, það má m.a. sjá af þessum orðum hans úr handriti á Landsbókasafni:

[...] það er nýjung. *Bréf til Láru*, Íslenskur aðall og að nokkru leyti Pistilinn skrifaði... eru eina nýjung, sem komið hefur fram í íslenskum bókmenntum síðastliðin 100 ár. (Skrifað seint á fjórða áratugnum.)

Frá því að *Bréf til Láru* kom út 1924 og allt fram til 1938, ársins sem *Íslenskur aðall* kom út, er í raun hægt að tala um nokkurs konar hlé á ritferli Þórbergs. Á þessu tímabili skrifar hann nokkrar ritgerðir, flestar tilkomnar sem svör við árásum á *Bréf til Láru* og 1935 kemur *Rauða hættan*, bók sem hann skrifaði eftir ferðalag til Sovétríkjanna. Annars koma á þessum árum aðallega út kennslubækur í esperanto svo og greinar sem Þórbergur samdi fyrst á esperanto og þýddi síðan yfir á íslensku. Þá má einnig minnst á *Gráskinnu*, safn þjóðsagna í fjórum bindum sem Þórbergur gaf út með Sigurði Nordal. „Bókmenntalegri þögn“ Þórbergs lýkur hins vegar eftirminnilega með útkomu *Íslensks aðals* árið 1938. Í því verki og í *Ofvitanum*, sem kom út í tveimur bindum 1940 og 1941 hefur Þórbergur fundið sér farveg sem áður var svo til óþekktur í íslenskum bókmenntum: Skáldævisöguna.

„Endurfæðingarnar“

Þórbergur Þórðarson skipti sjálfur ævi sinni niður í tímabil sem afmörkuðust af því sem hann kallaði „endurfæðingar“. Í riti Stefáns Einarssonar, *Þórbergur Þórðarson fræðimaður – spámaður – skáld fimmtugur* (1939) er að finna skrá yfir endurfæðingarnar – Endurfæðingakróníkuna – sem Þórbergur sendi Stefáni þegar hann bað hann um upplýsingar um ævi sína. Þar tiltekur hann sex endurfæðingar og þrjú atvik sem geta ekki talist endurfæðingar:

1906:

Fæ allt í einu, sitjandi á rauðmáluðu kofforti í suðausturherberginu í húsinu nr. 9 við Vitastíg, náttúru til kvenna. Missi stærðfærði-, mælinga-, teikni-, smíða-, og uppfyndinga-gáfu og fer að yrkja. Fyrsta kvæðið innblásinn skammarbragur til Sigurðar, sonar Guðmundar áttæringa, er átti fyrir seinni konu Laugu syndlausu. Næsta kvæði hjartnæm eftirmæli eftir barn Jónasar Eyvindssonar; voru prentuð. Skáldalaun: Ljótt umtal nokkrum árum síðar.

1913:

Hver taug í líkama mínum verður heltekin af íslenskum fræðum. Allar aðrar víðáttur alheimsins hverfa. Horfi á Björn M. Ólsen í fjögur ár eins og hundtík á húsbónda sinn.

1914:

Losast á einni nóttu, liggjandi á hörðum bedda í aumri þakkompu á Norðurstíg 7, undan þeim pötiska svindlara, Einari Benediktssyni. Engill einfaldleikans stígur niður í mig. Þúki fútúrismans ber að dyrum. (Til þess að geta opnað hurðina, eftir að ég var háttaður, varð ég að taka upp beddann). Yrki þessa nótt tvítuga drápu.

1917:

Hlunkast í októbermánuði, um kl. 6 að kvöldi, þá staddur á Laugaveginum rétt fyrir ofan Bergstaðastræti, með vígahnattarhraða niður í ómælishöf guðspeki, yógaheimspeki og spiritisma, svo að allt annað gleymist. Fæ nýja útsýn yfir gervalla tilveruna. Kýli á andlegum æfingum. Beini mínu blikki til meistara í Tibet. Finn alheimsorkuna fossa gegnum hverja taug. Gerist heilagur maður.

(1921:

Fæ 23. nóv. Voðalegt pólitískt sjokk, sem þó ekki gat orðið endurfæðing).

(1923:

Verð útsetinn, þar sem krossast Austurstræti og Aðalstræti, fyrir ótuktaráráttu til ritstarfa, en var þó ekki endurfæðing. Stekk heim, háttu og byrja *Bréf til Láru*).

1925:

Endurfæðist hægt og kurteislega með hálf tíma lestri á dag inn í Esperanto. Þessi endurfæðing hófst í maímánuði á rakarastofu Sigurðar Ólafssonar, meðan ég var að lesa auglýsingaspjald, sem hékk á veggnum og á voru letruð þessi gómsætu orð: „Saftin er gerð úr sykri og berjum eins og bezta útlend saft“, sem nú hefur reynzt vera lygi. Í júlímánuði 1926 er þessi endurfæðing búin að ganga svo frá mér, að ég fyrir lít allt annað en Esperanto og esperantobókmenntir í næstu 6 ár. Las Esperanto 10 til 20 klukkutíma á sólarhring. Varð að lesa á kamrinum, hvað þá heldur þar, sem betri var lyktin.

(1931:

Öðlast fullkomlega réttan skilning á lífinu, en einkennir sig þó ekki sem endurfæðing. Mun síðar lýsa þessu í bók. Þýðir reyndar ekkert að flagga því framan í almenning, því hann skilur það ekki).

1933:

Endurfæðist skýrt og skorinort til ritstarfa. Þessi endurfæðing byrjaði í raun og veru á Óðinsgötunni einn sunnudag í aprílmánuði 1932, en svo virtist ekkert ætla að verða úr henni, unz hún reif sig í gegn um mig með skakandi ofsa í nóvembermánuði 1933.

Þórbergur minnst víðar á endurfæðingar sínar og ekki ber því sem hann segir alltaf saman við þessa Endurfæðingakróniku. Í bréfi frá 1926 segir hann meðal annars að fyrsta endurfæðingin hafi snortið sig á Skólavörðustíg 10 í október 1911, og þar segir hann einnig frá endurfæðingu á útmánuðum 1926 og telur hana hina fjórðu í röðinni. En þótt hér sé nákvæmninni ekki fyrir að fara þá er engu að síður hægt að draga nokkrar ályktanir af lýsingum hans á endurfæðingunum um hvaða þætti hann telur áhrifamesta í lífi sínu: ástina (eða „náttúru til kvenna“), íslensk fræði, guðspeki, yoga

og spiritisma, esperanto og ritstörfín. Kemur þetta allt heim og saman við æviferil hans og þau störf sem hann iðkaði um ævina og þau rit sem eftir hann liggja.

Viðauki II

Skáldævisagan: Ný bókmenntagrein

Hugtakið skáldævisaga er tiltölulega nýtt í íslenskri bókmenntaumræðu, það var Guðbergur Bergsson sem nefndi sjálfsævisögulegt verk sitt þessu nafni, en af því hafa komið út tvö bindi: *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* (1997) og *Eins og steinn sem hafið fágár* (1998). En þótt hugtakið sé nýtt hefur þessi tegund bókmennta verið til lengi. Það er tilgáta mín að þetta bókmenntaform hafi fæðst fullskapað í verkum Þórbergs Þórðarsonar, eftir nokkurn meðgöngutíma (þ.e. sjá má vísi að slíkum verkum fyrir, t.d. *Dægradvöl* Benedikts Gröndals). Verk Þórbergs hafa síðan haft geysimikil áhrif á síðari tíma höfunda, ekki síst þá sem fengist hafa við sjálfsævisöguleg skrif. Skáldævisagan hefur lifað og dafnað með öðrum íslenskum bókmenntum en kannski má segja að staða hennar hafi verið jaðarstaða, staða hins „óhreina“ forms eða blendings sem hefur einmitt fyrir þær sakir lent nokkuð utangarðs í umræðunni (sbr. verk Þórbergs).

Sú umræða sem þó hefur farið fram um skáldævisöguna hefur einkennst af skilgreiningarvandanum, e.t.v. fyrst og fremst vegna þess að heitið sjálft vantar. Spurt var: Er þetta skáldsaga eða ævisaga? – og reynt að mæla verkið út með mælistiku sannleikans að vopni (þ.e. hvað er satt og hvað er logið í verkinu, hlutföllin ættu þá að skera úr um hvoru megin hryggjar verkið lendir.) Í skáldævisögunni falla saman skáldsagan og ævisagan og þættir frá báðum þessum bókmenntaformum eru ofnir saman í eina nýstárlega heild. Ef við veltum fyrir okkur skilgreiningum á skáldsögunni annars vegar og á sjálfsævisögunni hins vegar – og því hvað það sé sem helst aðgreinir þessi tvö bókmenntaform – þá held ég að óhætt sé að fullyrða að *afstaðan til sannleikans* hljóti að vera miðlæg og einnig má nefna þætti eins og afstöðuna til *minnisins* og eðli þess, til *tíma og rúms*, til *frásagnarháttar* og jafnvel afstaðan til *sjálfs og líkama*. Ég ætla að fara hratt yfir hvert þessara atriða til þess að gefa nokkra hugmynd um hvað ég er að tala um. Hér verður þó aðeins drepíð á aðalatriðunum.

Sannleikurinn

Þeir sem skrifa ævisögu sína telja sig líklega flestir bera sannleikanum vitni. Þeir hljóta að hafa það að markmiði að segja sögu sína á eins sannan og réttan máta og þeim er mögulega unnt. Lesendur gera einnig kröfu um að rétt sé með farið og sannleikurinn hafður að leiðarljósi við slík skrif. Þeir sem á hinn bóginn eru að skrifa skáldsögu vita að þeir geta leyft sér að búa til hvaðeina sem þeim sýnist í textanum og að lesendur gera enga sannleikskröfu til iðju þeirra. Hitt er svo annað mál hvort nokkurn tíma sé mögulegt að endurskapa sannleikann eða veruleikann *eins og hann var* í frásögn.

Minnið

Þeir sem skrifa ævisögu sína hljóta að treysta í grundvallaratriðum á minnið, þ.e.a.s. þeir trúa því og treysta að minnið sé virkt og hafi að geyma hið liðna nokkurn veginn óbrenslað. Minnið og sannleikurinn hljóta að mynda órjúfanlega heild að mati sjálfsævisagnaritarans. Sjaldan sér maður efasemdir sjálfsævisagnaritara um minni sitt (þetta hefur reyndar tekið róttækum breytingum hin allra síðustu ár og til eru athyglisverðar undantekningar úr langri hefð sjálfsævisagnaritunnar hvað þetta atriði snertir). Algengt er að ef sjálfsævisagnaritarinn viðurkennir að minni hans sé brigðult þá vísar hann til annars konar „heimilda“ sem styðja frásögn hans. Það er hins vegar allt að því regla hjá höfundum skáldævisagna að þeir treysta ekki minninu, heldur ræða sérstaklega um brigðulleika þess og svikula náttúru.

Tími og rúm

Hefðbundin sjálfsævisaga spannar yfirleitt lífsferil höfundar, allt frá fæðingu til tiltekins tímapunkts sem yfirleitt er nálægur ritunartímanum sjálfum. Venjulega er frásögnin línuleg, þ.e.a.s. lýsir krónólógískum tíma, hefst gjarnan á fæðingu viðkomandi eða jafnvel fyrir fæðingu hans. Þá er foreldrunum lýst og jafnvel farið enn lengra aftur í ættbogann. Önnur hefðbundin byrjun er lýsing á fyrstu minningu höfundar.

Í skáldævisögunni er línulegum tíma ekki nauðsynlega fylgt, algengara er að stokkið sé á milli tímaskeiða, oft er lýst takmörkuðu skeiði ævinnar, eins og t.d. í *Íslenzkum aðli* Þórbergs þar sem aðeins er sagt frá hálfu ári í lífi sögumanns og *Ofvitanum* sem segir frá fjórum árum (og tímastökk eru víða – fram og aftur – í frásögninni). Um rými má bæta því við að það er óræðara í skáldævisögunum, hugarrýmið er meira áberandi en hið eiginlega umhverfi sem lýst er – andstætt

hefðbundnum sjálfsævisögum. Höfundur hefðbundinnar sjálfsævisögu reynir yfirleitt að tengja sögu sína við (mannkyns)söguna og umhverfið með tilvísunum til sögulegra atburða.

Frásagnarháttur og stíll

Í hefðbundnum sjálfsævisögum hefur frásagnarhátturinn yfirleitt yfir sér raunsæislegt yfirbragð. Leitast er við að lýsa hlutlægum veruleika og sjaldnast reyna höfundar á meðvitaðan hátt að beita stílbrögðum skáldskaparins. Þessu er yfirleitt þveröfugt farið í skáldævisögnum; þar eru höfundar skáldlegri í allri framsetningu, byggingu, frásagnarhætti og stíl.

Sjálfi og líkami

Skilgreining Philippe Lejeune sjálfsævisögufræðings, á því hvað sjálfsævisaga er hefur verið lífsseig. Hann segir í stuttu máli að sjálfsævisaga sé frásögn í óbundnu máli þar sem raunveruleg persóna skrifi um eigið líf. Hún rifjar upp lífshlaup sitt og beini athyglinni sérstaklega að sögu og þróun persónuleikans. Þessi persóna leitast við að búa til orsakasamhengi í lífi sínu, sérstaklega með tilliti til þróunar persónuleikans eða sjálfsins. Hann trúir á heilsteypta sjálfsmynd, að ótal brotum af langri lífsleið megi raða saman þannig að útkoman sé heil mynd. Sjálfið er með öðrum orðum stöðugt og heilt. Gegn slíkri sjálfsmynd ráðast bæði módernistar og ekki síst póstmódernistar. Þeir benda á að manneskjan sé ófrjáls í ýmsum skilningi, stjórnist af dulvitund og bældum þrá; sjálfið sé brotkennt, fljótandi og í sífellri þróun. Það er slík sjálfsmynd sem mætir manni á síðum margra skáldævisagna og væri hægt að nefna ótal dæmi, kannski eru bestu dæmin þó verk Þórbergs Þórðarsonar og Málfríðar Einarsdóttur.

Líkaminn er einnig óræðara fyrirbæri í textum skáldævisagnanna en í hefðbundnum sjálfsævisögum (þar sem hann virðist jafnvel varla vera til). Í mörgum skáldævisögum sem ég hef lesið er líkaminn fyrirferðarmikill; bæði er rætt um kynþroska og hrörnun, kynferði jafnvel dregið í efa (Þórbergur Óléttur – saga um tvíkynja manneskju hjá Málfríði). Líkaminn getur verið til trafala, hann getur einnig leyst upp í skynjun sögumanns, o.s.frv.

(Hægt er að lesa sér til um sjálfsævisöguna sem bókmenntagrein í nokkrum nýlegum bókum og greinum, til dæmis:

- Birna Bjarnadóttir: „Endurfæðing harmleiks. Um skapandi mörk lífs og listar í skáldævisögu Guðbergs Bergssonar. *Andvari* 1999. (Hér er m.a. fjallað um skáldævisöguhugtakið.)
- Eiríkur Guðmundsson. *Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og níttjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault.* Studia Islandica 55. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun H.Í. 1998.
- Ragnhildur Richter: „„Þetta sem ég kalla „mig“, það er ekki til“: um sjálfsævisögu Málfríðar Einarsdóttur.“ *Fléttur : rit rannsóknastofu í kvennafræðum* (ritstjórar Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir) 1994
- Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu. Um sjálfsævisögur kvenna.* Reykjavík: Háskólaútgáfan 1997.
- Ragnhildur Richter: „Ævisögur kvenna“ Inngangur að *Íslenskar konur: ævisögur.* Mál og menning 2002.
- Soffía Auður Birgisdóttir: „„Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar.“ Nokkur orð um uppruna, eðli og þróun sjálfsævisagnaritunar. *Andvari* 2001.)

Viðauki III

Skrá yfir verk Þórbergs Þórðarsonar

Ljóð:

Hálfir skósólar	1915	(Undir dulnefninu Styr Stofuglamm)
Spaks manns spjarir	1917	(Undir dulnefninu Styr Stofuglamm)
Hvítir hrafnar	1922	(Endurútgáfa fyrri bókanna auk nýrra ljóða)
Edda Þórbergs Þórðarsonar	1941	(Gömul kvæði og ný. Aukin útgáfa 1975)
Marsinn til Kreml	1962	

Sjálfsævisöguleg og skáldævisöguleg verk:

Bréf til Láru	1924	
Íslenskur aðall	1938	
Ofvitinn I–II	1940–41	
Sálmurinn um blómið I–II	1954–55	
Í Suðursveit:		
Steinarnar tala	1956	
Um lönd og lýði	1957	
Rökkuróperan	1958	
Fjórða bók	1974	
Bréf til Sólu	1983	
Ljóri sálar minnar.	1986	(Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1918–1929)
Mitt rómantíska æði	1987	(Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1918–1929)

Ævisögur:

Ævisaga Árna prófests Þórarinssonar:

Fagurt mannlíf	1945
Í sálarháska	1946
Hjá vondu fólki	1947
Á Snæfellsnesi	1948
Með eilífðarverum	1949
Að æfilokum	1950

Ævisaga Einars ríka:

Fagurt er í eyjum	1967
Fagur fiskur í sjó	1968
Fagurt galaði fuglinn sá	1970

Bækur um ýmis efni:

Leiðarvísir um orðasöfnun	1922
Heimspeki eymdarinnar	1927
Alþjóðamál og málleysur	1933
Pistilinn skrifaði . . .	1933
Rauða hættan	1935
Esperanto I (leskaflar)	1936
Esperanto II (málfræði)	1937
Esperanto IV (lestrarbók)	1939
Refskák auðvaldsins	1939

Indriði miðill 1942
Viðfjarðarundrin 1943

Bækur samdar með öðrum:

Í kompaníi við allífið 1959 (Samtalsbók með Matthíasi Johannessens)
Í Unuhúsi 1962 (Frásagnir hafðar eftir Stefáni frá Hvítadal)
Gráskinna I–IV 1928–1936 (Með Sigurði Nordal)
Gráskinna hin meiri I–II 1962 (Með Sigurði Nordal)

Endurútgáfur (að mestu leyti):

Ritgerðir 1924–1959 I–II 1960
Einum kennt – öðrum bent 1971 (20 ritgerðir og bréf, 1925–1970)
Ævisaga Árna prófests
Pórarinssonar I–II 1969–70 (Endurskoðuð útgáfa)
Frásagnir 1927
Í Suðursveit 1975

Viðauki IV

Ítarefni um Þórberg og verk hans

(Listinn er langt frá því að vera tæmandi, ég hef t.a.m. sleppt að skrá ýmsar smágreinar og tækifærisræður. Ég vísa til skrár Jónínu Eiríksdóttur (sjá hér fyrir neðan), þar er skráðar allar heimildir um Þórberg og verk hans fram til 1981.)

BÆKUR

Gylfi Gröndal (1984). *Við Þórbergur*. Margrét Jónsdóttir ekkja Þórbergs Þórðarsonar segir frá. Reykjavík: Setberg.

Helgi M. Sigurðsson (1992). *Frumleg hreinskilni*. Um Þórberg Þórðarson og lífið í Reykjavík í byrjun aldarinnar. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag.

Jónína Eiríksdóttir (1981). *Þórbergur Þórðarson. Skrá um verk hans og heimildir um hann*. Sérprent úr Andvara. Alþýðuprentsmiðjan.

Kristján Eiríksson (1979). *Nokkrar athuganir á stíl Ofvitans með hliðsjón af Íslenskum aðli*. Óprentuð kandidatsritgerð á Háskólabókasafni.

Matthías Johannessen (1959). *Í kompaní við allífið*. Reykjavík: Helgafell.

Matthías Johannessen (1989). *Í kompaní við Þórberg*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Sigfús Daðason (1981). *Þórbergur Þórðarson*. Sérprentun úr Andvara. Alþýðuprentsmiðjan.

Stefán Einarsson (1939). *Þórbergur Þórðarson fræðimaður – spámaður – skáld fimmtugur*. Heimskringla.

Steinþór Þórðarson (1970). *Nú – nú, bókin sem aldrei var skrifuð: Minningar Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

GREINAR Í BÓKUM, TÍMARITUM OG Á VEFSÍÐUM

Ástráður Eysteinnsson (1999). „Baráttan gegn veruleikanum. Af Þórbergi Þórðarsyni og bókmenntasmágreinum.“ *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Háskólaútgáfan.

Garðar Baldvinsson (2000). „Þegn, líkami, kyn.“ *Skírnir*, hausthefti.

Guðni Kolbeinsson (1974). „Og það varð bylting.“ *Mímir*, 13. árg.

Gunnar Benediktsson (1961). „Nýjir ávextir og aldin rót: nokkrar tilfallandi hugleiðingar um ritgerðir eftir Þórberg Þórðarson.“ *Tímarit Máls og menningar*, 4. hefti.

Gunnar Harðarson (1989). „Bréf til Láru og Dægradvöl.“ *Tímarit Máls og menningar*, 4. hefti.

Gunnar Stefánsson (1994). „Ung skáld í aldarbyrjun.“ *Andvari*.

Gyrðir Eliasson (1989). „Rökkuróperan.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.

Einar Bragi (1989). „Þankar um Þórberg.“ Erindi flutt á Höfn í Hornafirði 12. mars 1989. Vefsíða Þórbergssseturs: <http://www.thorbergur.is/greinar/php>

Einar Bragi (1989). „Um fæðingarár Þórbergs.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti

Halldór Laxness (1972). „Á afmælisdegi Þórbergs.“ *Af skáldum*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

- Jón Yngvi Jóhannsson (1995).** „,Er þetta ég?“ Um einn þátt í Bréfi til Láru.“ *Mímir*, 34. árg.
- Ólafur Grétar Kristjánsson (1995).** „Himnaríki er ekki fávitahæli.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.
- Kristinn E. Andrésón (1976).** „Ofvitinn.“ *Um íslenzkar bókmenntir I*. Mál og menning.
- Pétur Gunnarsson (1999).** „Þórbergur og skáldsagan.“ *Aldarför* (erindi, ávörp og greinar). Bjartur.
- Pétur Gunnarsson (1999).** „Þórbergur og Proust.“ *Aldarför* (erindi, ávörp og greinar). Bjartur. (Einnig á vefsíðu Þórbergssseturs, <http://www.thorbergur.is/greinar/php>)
- Pétur Gunnarsson (2002).** „Í Suðursveit.“ Vefsíða Þórbergssseturs <http://www.thorbergur.is/greinar/php>
- Pétur Gunnarsson (2002).** „Halldór og Þórbergur.“ Vefsíða Þórbergssseturs <http://www.thorbergur.is/greinar/php>
- Sigfús Daðason (1989).** „Þessa vitleysu líka.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.
- Sigfús Daðason (1989).** „Óstýrilátur og bljúgur.“ *Andvari*.
- Sigríður Rögnvaldsdóttir (1989).** „Brotin heimsmýnd. Um sýnd og reynd í Íslenzkum aðli og Ofvitanum.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.
- Sigurður Baldursson (1978).** „Tveir meiðyrðadómar yfir Þórbergi Þórðarsyni vegna ævisögu Árna Þórarinssonar.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.
- Sigurður Þór Guðjónsson (1989).** „Var Þórbergur ofviti í alvörunni?“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2001).** „Sannleikur í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson.“ Heimur skáldsögunnar. (Ritstjóri: Ástráður Eysteinnsson.) Bókmenntafræðistofnun H.Í. (Einnig á vefsíðu Þórbergssseturs <http://www.thorbergur.is/greinar/php>)
- Soffía Auður Birgisdóttir (2002).** „,Falsaðar og þó eiðsvarnar myndir.“ Samanburður á sjálfsmyndum Þórbergs Þórðarsonar og Halldórs Laxness í skáldævisögulegum verkum þeirra.“ Vefur Þórbergssseturs, <http://www.thorbergur.is/greinar/php>
- Þórbergur Þórðarson (1991).** Kaflar úr sjálfsævisögu. *Tímarit Máls og menningar*, 2. hefti, (fylgt úr hlaði af Helga M. Sigurðssyni).
- Þorgeir Þorgeirson (1981).** „Kettir eru merkilegar skepnur (úr dagbók).“ *Tímarit Máls og menningar*, 1. hefti.
- Þorleifur Hauksson (1994).** „Nokkur orð um stíl Þórbergs.“ *Tímarit Máls og menningar*, 2. hefti.
- Þorsteinn Gylfason (1989).** „Hundrað og eitt ár.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. hefti.